



Háskólinn  
á Akureyri  
University  
of Akureyri

# Öllu valdi fylgir ábyrgð

*Íslenskt mál og ábyrgð fjölmiðla*

---

Hörður Þórhallsson

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lokaverkefni til  
180 eininga BA-prófs í fjölmiðlafræði

© Hörður Þórhallsson

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Reykjavík, 2015

# Yfirlýsing

„Ég lýsi því hér með yfir að ég er einn höfundur þessa verkefnis og það er ágóði eigin rannsókna.“

---

Hörður Þórhallsson

„Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.A. – prófs við Hug- og félagsvísindasvið.“

---

Kristín M. Jóhannsdóttir

## Útdráttur

Meðferð tungumálsins á fjölmiðlum hefur mikið verið til umræðu að undanfögnu og þykir mörgum það hafa versnað. Hraði í fréttáflutningi hefur aukist heilmikið og á sama tíma virðist hafa dregið úr kröfum um vandað málsnið. Í þessari rannsókn var rætt við talsmenn nokkurra íslenskra fjölmiðlafyrirtækja og spurst fyrir um þær kröfur sem gerðar eru til málfars og málnotkunar á miðlunum. Spurningar voru samdar í samræmi við íslensku málstefnuna sem samþykkt var á Alþingi árið 2009. Athugað var hvort íslensk málstefna hefði áhrif á vinnubrögð fjölmiðla og hvort fjölmiðlar telji sig sinna ábyrgðarhlutverki gagnvart íslenskunni.

Helstu niðurstöður sýndu að fjölmiðlar telja sig hafa misjöfnum skyldum að gegna þegar kemur að málfari. Allir leggja þeir áherslu á vandað mál, þó það sé skilgreint á ólíkan hátt milli miðla. Mismunandi kröfur eru gerðar til málnotkunar eftir eðli miðils og umfjöllunarefnis og ekki eru gerðar sömu kröfur um málsnið á efni fyrir ungt fólk og efni fyrir eldra fólk.

## Abstract

The use of language in the media has recently been a popular topic of discussion in society. Online media has increased the quantity of news content, and at the same time reduced demands for high-quality linguistic register. In this study, the issue was discussed with employees of several media groups. Questions were written in terms of the Icelandic language policy, which was adopted in 2009. The practice of journalism was examined in terms of the policy, as well as whether the media considers itself responsible towards the language in some way.

The main results showed that media groups have different experience regarding the language. The standard of language in all media groups is high, although they have different definitions of the concept. The requirements also have to differ based on the nature of the media and the topic as well as the age of the indented reader.

## Takk fyrir mig

Höfundur þakkar leiðbeinanda sínum, Kristínu M. Jóhannsdóttur, kærlega fyrir ábendingar, leiðréttingar og alla þá aðstoð sem hún veitti við gerð þessarar rannsóknar.

Sérstakar þakkir fær Ari Páll Kristinsson, stofustjóri málræktarsviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, fyrir frábærar hugmyndir og leiðbeiningar sem leiddu til þess að þessi rannsókn varð möguleg.

Höfundur vill þakka öllum viðmælendum sínum, þeim Andra Ólafssyni, Elvu Brá Jensdóttur, Lindu Björk Markúsdóttur og Önnu Sigríði Þráinsdóttur fyrir tíma sinn og ómetanlegar upplýsingar.

# Efnisyfirlit

Yfirlýsing .....	iii
Útdráttur .....	iv
Abstract .....	iv
Þakkarorð .....	v
<b>1. Inngangur .....</b>	<b>2</b>
<b>2. Íslensk málstefna .....</b>	<b>4</b>
2.1 Mál og samfélag .....	4
2.2 Málstefna .....	6
2.3 Íslensk málnefnd .....	7
2.4 Neyslumening og erlend áhrif .....	8
2.5 Forsendur .....	9
2.6 Íslenska til alls .....	12
<b>3. Tungumál í fjölmiðlum .....</b>	<b>14</b>
3.1 Um fjölmiðla .....	14
3.2 Breytt fjölmiðlanotkun .....	15
3.3 Málnotkun .....	16
3.4 Tungumál sem atvinnutæki fjölmiðla .....	17
<b>4. Aðferðir og gögn .....</b>	<b>19</b>
4.1 Gagnaöflun .....	19
4.2 Viðmælendur .....	20
<b>5. Niðurstöður .....</b>	<b>22</b>
5.1 Málstefna og kröfur um gott málfar .....	22
5.2 Eitthvað í loftinu .....	24
5.3 Mismunandi áherslur .....	25
5.4 Uppeldishlutverk fjölmiðla .....	28
<b>6. Umræður og túlkun .....</b>	<b>30</b>
6.1 Áhrif málstefnu .....	30
6.2 Hverskonar fyrirmynd? .....	31
6.3 Framtíðarsýn .....	33
6.4 Lokaorð .....	34
Heimildaskrá .....	36

# 1. Inngangur

*„Mín fyrstu leikföng voru íslensk orð, og engin leikföng gátu reynzt mér betur.“*

Tómas Guðmundsson, borgarskáld (Matthías Jóhannessen, 1960).

Í marga áratugi hafa ýmsir fræðingar bent á þá hættu sem steðjar að tungumálinu og mikilvægi þess standa vörð um íslenska tungu. Staða og framtíð íslenskunnar hefur verið mikið í umræðunni að undanfögnu og ef marka má umræðuna er enskan að þrengja að tungumálinu, sérstaklega í hinum stafræna heimi. Í sjónvarpsþættinum *Orðbragð* sagði Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslensku, að ef ekkert yrði að gert gæti hún horfið á næstu 100 árum (Brynja Þorgeirsdóttir. Munnleg heimild. 16. apríl, 2015).

Linda Björk Markúsardóttir og Brynja Þorgeirsdóttir komu fram í sjónvarpsþættinum *Kastljósi* 16. apríl á þessu ári í kjölfar greinar sem Linda Björk skrifaði á fréttavefinn *Vísi.is*. Grein hennar, *„Ég kann þetta ekkert á íslensku“*, fjallar um vísbindingar sem Linda hefur orðið vör við í starfi sínu sem talmeinafræðingur um versnandi stöðu íslenskunnar. Markmið Lindu Bjarkar og Brynju var að vekja samfélagið til vitundar um þessa stöðu og hvetja fólk til þess að sporna við vandamálinu:

*„Ég er sífellt að reka mig á það að börnin eiga ofboðslega erfitt með að tala við mig. Þau kunna ekki orð sem að mér þætti eðlilegt að öll íslensk börn sem að hafa gengið í íslenska skóla og eiga íslenska foreldra kynnu“* (Linda Björk Markúsardóttir. Munnleg heimild. 30. apríl 2015).

Í nútímasamfélagi eru tölvur á langflestum heimilum og aðgangur að alnetinu. Börn byrja að leika sér í tölvum ung að aldri, jafnvel áður en þau læra að tala. Í þeim spila þau ýmist leiki eða horfa á myndbönd og í flestum tilvikum eru þessir hlutir á ensku. Linda Björk telur þetta vera helstu orsök þess að orðaforði íslenskra barna fari versnandi.

Fjölmiðlar gegna ákveðnu uppeldishlutverki í samfélaginu. Þeir eru vettvangur upplýsinga og afþreyingar og nota tungumálið til að miðla frá sér efni. Þeir hafa mikil áhrif á mótun tungumálsins og er ábyrgð þeirra gríðarleg. Eins og greint var frá hér að ofan eru börn farin að nýta sér tækninýjungar í meira mæli og eru farin að sækja sér afþreyingarefni á alnetinu. Ábyrgðarhlutverk fjölmiðla snýr því ekki síður að því að framleiða efni sem hæfa þeim. Þó er ljóst að íslenska mun alltaf eiga erfitt uppdráttar í hagkerfi sem stjórnast af framboði og

eftirspurn. Íslenskan er dýr í framleiðslu og markhópurinn er einungis 0,005% af íbúum heimsins. Af þessum völdum gæti íslenskan týnst út af ýmsum sviðum samfélagsins.

Í þessari ritgerð verður íslensk málstefna skoðuð í samhengi við fjölmiðla. Talað verður við nokkra aðila sem koma að tungumáli hjá nokkrum íslenskum fjölmiðlafyrirtækjum og kannaðar verða þær kröfur sem íslenskir fjölmiðlar gera til málnotkunar í starfsemi sinni. Leitast verður við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

- *Hefur málstefna áhrif á vinnubrögð fjölmiðla?*
- *Telja fjölmiðlar sig hafa ábyrgð gagnvart íslenskri tungu?*
- *Hverskonar fordæmi vilja þeir sýna?*

Annar kafli þessarar ritgerðar fjallar um íslenska málstefnu. Í kafla 2.1 verður fjallað um tungumál og samfélagslegt gildi þess. Í kafla 2.2 verður merking orðsins *málstefna* útskýrð, og farið yfir hlutverk hennar og mikilvægi fyrir málsamfélög. Í kafla 2.3 verður lauslega farið yfir sögu íslenskrar málnefndar, hlutverk hennar og tilgang. Kafli 2.4 heitir *Neyslumening og erlend áhrif* og fjallar um samfélagslegar breytingar á Íslandi sem hafa haft áhrif á tungumálið. Í kafla 2.5 verður fjallað um forsendur fyrir íslenskri málstefnu. Þar verður dregin upp mynd af íslensku málsamfélagi áður en íslensk málstefna kom til skjalanna, og skoðaðar forsendur fyrir því hvort tímabært hafi verið að setja íslenska málstefnu. Kafli 2.6 fjallar um íslensku málstefnuna sem samþykkt var á Alþingi árið 2009. Þar verður einnig fjallað lauslega um málstefnu Ríkisúttvarpsins.

Þriðji kafli ritgerðarinnar fjallar um tungumál í fjölmiðlum. Í kafla 3.1 verða fjölmiðlar útskýrðir, og hlutverk þeirra í samfélaginu. Í kafla 3.2 verður fjallað um þær breytingar sem hafa átt sér stað í fjölmiðlun og fjölmiðlanotkun undanfarin ár. Í kafla 3.3 verður farið yfir helstu gerðir málnotkunar sem finna má í fjölmiðlum. Í kafla 3.3 verður fjallað um tungumál sem vinnutæki fjölmiðla, þar sem sérstaklega verður útskýrður munur á ritmáli og talmáli.

Fjórði kafli ritgerðarinnar heitir *Aðferðir og gögn*. Í kafla 4.1 verða þær rannsóknaraðferðir sem notast var við kynntar til sögunnar og útskýrðar. Helstu hugtök verða útskýrð og farið verður yfir það ferli sem beita þurfti við gerð rannsóknarinnar. Í kafla 4.2 verða þeir viðmælendur sem fengnir voru í viðtöl stuttlega kynntir.

Fimmti kafli inniheldur þær niðurstöður sem rannsóknin leiddi í ljós. Greint verður frá niðurstöðum í samfelldum texta, auk tilvitnana í svör viðmælenda. Í kafla 5.1 verður því svarað hvort íslenskir fjölmiðlar hafi sett sér málstefnu og hvaða málkröfur þeir hafa sett sér. Kafli 5.2 snýr svo að kröfum um stílbrögð til blaðamanna hjá viðkomandi miðlum. Í kafla 5.3 verður svo



fjallað um mismunandi áherslur á málsnið eftir eðli miðils, annarsvegar – og eftir umfjöllunarefni, hinsvegar. Í kafla 5.4 verður fjallað um ábyrgð fjölmiðlanna og uppeldishlutverk þeirra í samfélaginu.

Sjötti kafli heitir umræður og túlkun. Þar verða niðurstöður teknar saman og túlkaðar í nokkrum undirköflum og leitast við að svara ofangreindum ritgerðarsurningum.

## 2. Íslensk málstefna

### 2.1 Mál og samfélag

Tungumál og málnotkun er eitt helsta og mikilvægasta einkenni mannlegra samfélaga. Sumir telja óhugsandi að hugsa sér samfélög án máls, og að jafnframt sé það málið sem geri manninn æðri öðrum dýrum jarðarinnar (Indriði Gíslason o.fl., 1988). Með tungumálinu kemst maðurinn í betri tengsl við sjálfan sig og þá ímynd sem hann hefur- eða mun skapa sér. Hann öðlast betri skilning á umhverfi sínu, hvort sem um er að ræða nærumhverfi sínu eða hnattrænu umhverfi. Tungumálakunnátta veitir innsýn í marga mismunandi menningarheima því með henni er hægt að mynda tengsl við aðra einstaklinga eða menningarhópa (Vigdísarstofnun, e.d.).

Samkvæmt skilgreiningu Indriða Gíslasonar o.fl. (1988) á tungumáli má hugsa sér það sem ákveðið kerfi tákna sem raðað er saman og með því eru myndaðar merkingabærar einingar. Málfræðingar lýsa svo hinum ýmsu hlutum þessa kerfis, svo sem máhljóðum, atkvæðum, orðum og setningum (1988:11). Mennirnir eru gæddir þeim líkamlegu burðum að geta byggt upp sín eigin samfélög og þannig mótað og breytt umhverfi sínu. Maðurinn hefur skapað með sér þekkingu og skilning sem gengið hefur manna á milli, en margar leiðir eru til við að deila þessum skilningi til annarra. Það hefur til dæmis verið gert með tungumálinu, listum og vísindum, menntun og fjölmiðlum. Þetta má í grófum dráttum kalla menningu (Bertland og Hughes, 2005:4).

Mál er notað á fjölbreytilegan hátt, og getur verið bæði talað og skrifað. *Mál og tal* eru orð sem hafa svipaða merkingu, en þó er hægt að greina þau í sundur. Orðið *tal* á eingöngu við um málbeitingu, á meðan orðið *mál* á við um tungumálið sjálft. Við lærum að tala sem ungabörn. Það gerist svo snemma á ævi okkar að við munum ekki eftir að það hafi nokkurn tímann gerst. Móðurmálið verður mikilvægur liður í okkar daglega lífi; við hugsum, tölum og skrifum á því — án þess þó að veita því neitt sérstaka athygli (Indriði Gíslason o.fl., 1988). Tungumálið er einfaldlega safn hljóða sem við notum til að tjá tilfinningar okkar og viðhorf.

Við röðum hljóðunum saman í orð til þess að mynda setningar og skipum setningunum saman í málsgreinar (Sölvi Sveinsson, 2001).

Samskipti má útskýra sem athöfnina að miðla upplýsingum. Slík miðlun getur bæði verið með meðvituðum og ómeðvituðum hætti. Fræðileg líkön um mannleg samskipti eru gjarnan sett upp og notuð til þess að útskýra hvernig þau fara fram. Notkun Morse-kóðans er ágætis dæmi. Sendandi slær inn Morse-kóða og sendir eftir miðlinum til viðtakanda sem les svo úr upplýsingunum og túlkar þær. Eini gallinn við samskipti af þessu tagi er að viðtakandi þarf að skilja merkingu þess kóða sem er notaður. Þetta á líka við um tungumál. Ef ég ætla að eiga samskipti við manneskju á íslensku þarf viðkomandi að skilja tungumálið til þess að samskiptin gangi rétt fyrir sig.

Þó er hægt að gera sig skiljanlegan með líkamlegri tjáningu (e. gestures). Hægt er að nota sjónræna ábendingu (e. shared gestural code), eins og til dæmis að slá létt á þann stól sem hinn aðilinn á að setjast í og koma þannig ómæltum fyrirmælum (e. unshared linguistic code) til skila. Með þessum hætti færum við merkingu úr einhverju sem við þekkjum yfir á eitthvað sem við þekkjum ekki, það er að segja fyrirmælin, og þannig lærum við flest tungumál. Sjónræn fyrirmæli verða að orðum. Í umhverfi okkar er að finna ótal sjónræn dulmálakerfi (e. coded systems) sem við þekkjum og kunnum að fara eftir. Til dæmis má nefna umferðarskiltin, eða skilti sem tákna salerni, strætóskýli, lestarstöð og svo framvegis. Ef við lesum vitlaust í slíkar merkingar, eins og til dæmis ef karlmaður fer inn á kvennaklósett, er líklegt að hann fái viðbrögð frá fólki sem hafa svo áhrif á hegðun hans næst þegar hann ætlar að fara á klósettið. Hann leggur því skilning í merkin út frá viðbrögðum fólks (Bertland og Hughes, 2005:5).

Hægt er að líta á samfélagið sem kerfi sem er samansett úr nokkrum mismunandi undirflokkum. Hver og einn undirflokkur hefur mikilvægt hlutverk innan kerfisins, því án þeirra myndi kerfið ekki ganga upp. Fjölmiðlar eru einn af þessum undirflokkum. Þeir eru hluti af uppbyggingu samfélagsins, og þá má sjá sem samfélagslegt eða menningarlegt fyrirbæri. Innviðir fjölmiðlanna er hluti af efnahags- og valdakerfi samfélagsins, þar sem þær myndir og upplýsingar sem þeir miðla eru mikilvægur þáttur í menningu hvers samfélags. Fjölmiðlar eiga að útskýra, túlka, gagnrýna og efla stöðu almennings (McQuail, 2010:81, 98). Þeir miðla upplýsingum ýmist með töluðu eða rituðu máli. Þó ber að varast að líta ekki á fréttæfni sem staðreyndir um samfélagið og umheiminn, heldur hugmyndir (Fowler, 1991).

## 2.2 Málstefna

Á undanförunum árum hafa ýmis lönd sett sér málstefnu, svo sem nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum. Hver og ein þjóð setur sér stefnu eftir því sem hún telur henta þjóðfélagi sínu best. Stutt er síðan slík stefna var tekin upp hér á landi, þó svo að hugmyndir um hana og mikilvægi hennar hafi löngu verið kviknaðar. Margir voru þó á því máli að Ísland þyrfti ekki á málstefnu að halda og að nóg væri að allir gerðu sér grein fyrir því að í landinu væri töluð íslenska (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2010). Samstaða ríkti um ákveðin atriði tungumálsins sem meirihluti þjóðarinnar virti, án þess þó að sérstakur samningafundur hafi verið haldinn. Fólk lagði sitt af mörkum við að halda einkennum tungunnar, sér í lagi beygingum og setningaskipan. Reynt var að hafa gamlar bækur aðgengilegar ungu fólki með góðum skýringum á orðaforða til þess að styrkja samhengi í þróun málsins auk þess sem tökuorð voru löguð að íslensku hljóð- og beygingakerfi (Sölvi Sveinsson, 2001). Almennt var talið víðsvegar um heiminn að íslenskan lifði farsælu lífi vegna þess að íslensk stjórnvöld hefðu bein afskipti af málvernd, þó að raunin hafi verið allt önnur. Í greininni *Á íslensk málstefna rétt á sér?* eftir Guðrúnu Kvaran (2004) stendur eftirfarandi:

Vissulega er í lögum oft minnst á íslenska tungu, t.d. í lögum um Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, mannanöfn, örnefni og fyrirtækjanöfn, svo einhver séu nefnd, þar sem áhersla er lögð á vandað mál og varðveislu þess en fyrirmælin eru almenns eðlis án boða og banna (2004:51).

Orðið *málstefna* er talið hafa komið fyrst fram árið 1945, þegar Jón Helgason, prófessor og skáld í Kaupmannahöfn, notaði það. Merkingu orðsins má útskýra sem meðvitað viðhorf-eða markmið í málfarslegum efnum, sem þó getur verið breytilegt milli þjóða (Sölvi Sveinsson, 2001). Málstefna er skráð eða óskráð stefna um mál og málnotkun sem mótast í öllum samfélögum. Það telst til dæmis til málstefnu að málnotendur á tilteknu landsvæði notast við eitt ákveðið tungumál en ekki annað. Ísland er í ákveðnum forréttindahópi hvað þetta varðar, þar sem mjög einfalt samband ríkir milli íbúanna og hins opinbera tungumáls, íslenskunnar. Flestir íbúar deila sama móðurmáli, og mállýskunundur milli landshluta er mjög lítill. Í ýmsum löndum og ríkjum skipta tungumál tugum, ef ekki hundruðum, og oft eru mállýskur fjölmargar og ólíkar. Þessir þættir geta haft truflandi áhrif á mótun málstefnu (Ari Páll Kristinsson, 2001). Málstefna tilheyrandi samfélags vinnur að samfélagslegum markmiðum, þótt þau séu ekki alltaf sýnileg. Sýnilegir þættir málstefnunnar geta til dæmis verið orðabækur, námskrár og opinberar

stafsetningarreglur. Málstefna hefur einnig dulin markmið, en þá er átt við stöðu og form tungumálsins (Ari Páll Kristinsson, 2007).

Markmiðið er að varðveita og efla tungumálið. Varðveisla tungunnar felst í að halda samhengi í málinu milli kynslóða, sérstaklega til þess að rjúfa ekki tengslin milli lifandi máls og bókmennta. Okkur hefur tekist að varðveita skrifað mál frá upphafi ritaldar sem er okkur að mestu leyti skiljanlegt enn þann dag í dag. Málkerfið hefur lítið breyst og beygingakerfið er nánast það sama og frá fornmáli, þó svo að breytingar hafi átt sér stað í beygingu einstakra orða. Efling tungunnar felst svo í því að auka orðaforðann. Það er mikilvægt að laga tungumálið að öllum nýjungum til þess að alltaf sé hægt að tala og skrifa á íslensku um hvað sem er. Auk þess er mikilvægt að efla kunnáttu á meðferð tungumálsins, og að gildi tungunnar í samfélaginu sé styrkt. Þó svo að varðveisla og efling kunni að hljóma eins og hálfgerðar andstæður hvað tungumálið varðar, standa þessir tveir liðir saman og mynda eina sterka heild. Eðli tungunnar, formgerðin og sérkennin í málinu eiga að haldast, en þrátt fyrir það þarf tungumálið að geta vaxið. Hægt er að líkja þessu við vaxandi tré sem heldur áfram að vera sama tréð þó svo það vaxi og dafni með tímanum (Indriði Gíslason o.fl., 1988).

### 2.3 Íslensk málnefnd

Íslensk málnefnd er 15 manna nefnd sem skipuð er af menntamálaráðherra á fjögurra ára fresti. Hún var stofnuð 30. júlí 1964 og hefur vaxið og dafnað með árunum. Upphaflega var lögð áhersla á að nefndin annaðist söfnun nýyrða og gæfi þau út. Auk þess sá nefndin um að velja og smíða ný orð inn í tungumálið. Staða Íslenskrar málnefndar styrktist svo heilmikið árið 1984 þegar ákveðið var að stofnuð yrði Íslensk málstöð, sem varð skrifstofa nefndarinnar (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2010). Nokkrum árum síðar, árið 1990, voru samþykkt ný lög um nefndina. Þá fékk hún það hlutverk að vinna að eflingu íslenskrar tungu og varðveislu hennar í ræðu og riti, vinna að skipulagðri nýyrðastarfsemi, og vera stjórnvöldum innan handar varðandi íslenskt mál. Jafnframt átti nefndin að aðstoða þá aðila sem hafa með mannanöfn og örnefni að gera, og vera í samvinnu við þá sem hafa mikil áhrif á málfar almennings, eins og fjölmiðla og skóla (Guðrún Kvaran, 2004). Árið 2006 voru svo gerðar enn aðrar breytingar á nefndinni. Þá voru fimm stofnanir sem unnu að íslenskum fræðum sameinaðar og úr varð Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (Guðrún Kvaran, 2014). Hlutverk þeirrar stofnunar er að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni er snerta íslenska tungu, álykta um stöðu hennar og gera tillögur um málstefnu (Lög um Stofnun Árna Magnússonar nr. 40/2006). Nefndina skipa 15

meðlimir úr ráðum nokkurra íslenskra háskóla, félaga og stofnana auk formanns og varaformanns. Þegar skipuð er ný nefnd fær hver og ein stofnun að tilnefna aðila frá sér inn í næstu nefnd, að undanskildum formanni og varaformanni sem valdir eru af menntamálaráðherra án tilnefningar (Guðrún Kvaran, 2014).

Íslensk málnefnd hóf að leggja drög að köflum um íslenska málstefnu í ársbyrjun árið 2007. Fjöldi fólks aðstoðaði við að móta tillögurnar, og haldin voru opin málþing þar sem tillögur voru ræddar. Á degi íslenskrar tungu árið 2008, þann 16. nóvember, kynnti nefndin tillögurnar fyrir þáverandi menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur. Tillögurnar voru svo samþykktar 12. mars 2009, en þá eignuðust Íslendingar opinbera málstefnu í fyrsta skipti (Íslensk málnefnd, 2009).

## 2.4 Neyslumening og erlend áhrif

Þegar kjörin var ný stjórn Íslenskrar málnefndar árið 2002 setti hún sér það markmið að taka fyrir atriði á listanum um hlutverk málnefndar sem samþykktur var með lögum árið 1990, og greint var frá í kaflanum hér að framan. Þar voru ákveðin atriði sem raunhæft taldist að setja í forgang og vinna að næstu ár. Nánar verður greint frá því í kafla 3.3. Nefndin leit svo á að helsti vandinn sem íslensk tunga og íslenskt málsamfélag ættu við að etja væri bein afleiðing hnattvæðingar og örrar þróunar í upplýsingatækni. Þar er enska ríkjandi tungumál, og gjarnan eina tungumálið sem notast er við (Guðrún Kvaran, 2004). Amerísk menning fór að ryðja sér til rúms í heiminum í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar þegar Bandaríkjunum tókst að skapa sér ákveðna forystu. Sú menning er jafnan kölluð neyslumening samtímans, eða *McDonaldisering*. Eftir 1945 fór hún að gera vart við sig víða í Evrópu og Asíu og áhrif hennar hafa farið vaxandi síðan. Aðgengi að allskyns fréttá- og afþreyingarefni hefur aukist með hverju árinu. Við höfum greiddan aðgang að sjónvarpsefni, kvikmyndum, tölvuleikjum og tónlist allsstaðar að úr heiminum, og þykir það bara eðlilegt. Margt af þessu efni ber einkenni neyslusamfélags Vesturlanda, fremur en þjóðleg einkenni. Menning er orðin fjöldaframléidd söluvara, og enska er algengasta og vinsælasta form hennar. Út af þessu eiga lítil málsamfélög, eins og Ísland, undir högg að sækja, þar sem minna efni er aðgengilegt á þeim tungumálum. Ef við ætlum að halda tungumálinu okkar þurfum við að vera á varðbergi (Sölvi Sveinsson, 2001).

Með öllum þeim tækninýjungum sem komu fram á 20. öldinni sköpuðust forsendur fyrir því að bæta nýjum orðum inn í tungumálið. Með útvarpinu, árið 1930, fylgdu ýmis orð, og enn önnur með sjónvarpinu árið 1966. Fáar nýjungar hafa þó haft í för með sér eins mikinn fjölda

nýyrða og tölvan. Með tölvu þarf til dæmis lyklaborð og mús og í henni getur þú vafrað um alnetið, smellt á tengla með bendli, vistað skjöl og sent tölvupóst, svo eitthvað sé nefnt. Svo margt er hægt að gera í tölvunni að erfitt er að laga alla þá möguleika sem eru í boði að íslenskunni. Enda tala margir um að „seifa“ skjöl, frekar en að vista þau, senda „ímeil“ frekar en tölvupóst, og svo framvegis. Tæknipróunin er svo ör og hegðun neytenda kallar alltaf eftir fleiri nýjungum. Því er nokkuð ljóst að erfitt og jafnvel ómögulegt verður að laga tungumálið að þeim öllum. Svið tækninnar eru svo umsvifamikil og bjóða upp á mikla sérþekkingu. Líklegt er að góð nýyrði um algeng fyrirbæri muni ná að vinna sér inn þegnrétt, eins og til dæmis spjaldtölva eða snjallsími. En á sérfræðisviðum verða tökuorð algeng, jafnvel þótt menn reyni að tala á íslensku um sérgrein sína (Sölvi Sveinsson, 2001).

## 2.5 Forsendur

Eins og fram hefur komið tók ný stjórn til starfa hjá Íslenskri málnefnd árið 2002 sem setti sér það markmið að bæta starfsemi hennar. Markmiðið var að koma af stað verkefnum sem sett voru í hlutverk nefndarinnar árið 1990. Þá var greint frá víðtæku hlutverki Íslenskrar málnefndar, án þess þó að settar hafi verið reglur um hvernig hún skuli sinna hlutverki sínu. Þegar nefndin tók til starfa hafði Norræna ráðherranefndin nýlega sent frá sér skýrslu um svonefndan umdæmisvanda, eða vaxandi áhrif ensku víða í norrænum þjóðfélögum. Ari Páll Kristinsson hafði unnið skýrsluna um umdæmisvandann á Íslandi þar sem hann skoðaði ástandið í skólakerfinu, meðal fjölmiðla og í starfsemi háskólanna. Hann komst að því að áhrifin voru ekki mikil á þeim sviðum sem hann lagði mesta áherslu á en þó mætti sjá merki þess að viðhorf til notkunar á ensku væru að breytast; þá sérstaklega innan fyrirtækja í viðskiptalífinu (Guðrún Kvaran, 2004).

Uppbygging samfélagsins hefur breyst mikið á undanförunum árum. Uppeldi hefur færst frá heimilum til stofnana. Við þurfum að geta treyst því að þær stofnanir sem ala upp börnin okkar séu að gera það með viðeigandi hætti. Við þurfum að fullvissa okkur um það að þau áhrif sem stofnanir samfélagsins hafa á börnin okkar stuðli að því að viðhalda tungumáli okkar og menningu. Ef börnin okkar alast upp öðruvísi gæti það þýtt dauða íslenskrar tungu (Sölvi Sveinsson, 2001). Kennarar í skólum þurfa að skilja hvað sé í húfi og útskýra það fyrir nemendum sínum. Skólakerfið má ekki missa sjónar af varðveislu og eflingu tungumálsins (Indriði Gíslason, o.fl., 1988).

Stjórn Íslenskrar málnefndar árið 2002 valdi nokkur svið sem hún taldi brýnt að sinna, taka inn í þeirra starfsemi og leggja rækt við. Málefnið sem urðu fyrir valinu snéru meðal annars að íslenskunotkun hjá fyrirtækjum og þjónustustofnunum sem í vaxandi mæli voru farin að nota ensku sem samskiptamál, og íslenskukennslu fyrir innflytjendur sem hafði fjölgað gríðarlega á stuttum tíma og voru orðnir stór partur af íslensku atvinnulífi. Eitt helsta atriðið sem Íslensk málnefnd vildi taka fyrir snéri að börnum og unglingum á Íslandi, kynslóð sem mótast í netvæddu umhverfi og sækir sér almennan fróðleik og afþreyingarefni á alnetinu. Börn og unglingar hafa til dæmis greiðan aðgang að erlendum sjónvarpsstöðvum þar sem enska er ríkjandi tungumál, og ná gjarnan tókum á ensku á ungum aldri. Foreldrar eru stoltir af þessum árangri barna sinna og hvetja þau til að bæta sig enn meir. Íslensk málnefnd bendir á að þetta sé eitthvað sem megi líka gera varðandi íslenskuna. Það vantar viðmót til barna til þess að bæta árangur sinn í íslenskunni og sjá tungumálið sem skemmtilegan tjáningarmiðil. Nauðsynlegt er að styrkja viðhorf barna og unglunga til vandaðrar íslensku, bæði í töluðu og rituðu máli. Börn og unglingar þurfa að vera meðvituð um gildi íslenskunnar fyrir þau sem einstaklinga og fyrir samfélagið í heild. Þessi skilningur þarf einnig að ná til fjölmiðla og annarra fyrirtækja sem miðla efni til barna, því ábyrgð þeirra er mikil og uppeldishlutverk þeirra mikilvægt (Guðrún Kvaran, 2004).

Íslensk málnefnd birti ályktun um stöðu íslenskunnar á málræktarþingi í nóvember árið 2007. Þar greindi nefndin frá sterkri stöðu íslenskunnar, með vísun í að enn væri mikið skrifað á íslensku, meðal annars á nútímamiðlinum alnetinu. Þrátt fyrir það væri ekki kveðið á um íslensku sem þjóðartungu landsins í stjórnarskránni og það gæti haft veikjandi áhrif á stöðu tungumálsins í framtíðinni. Vísað var í nokkur dæmi í samfélaginu sem gætu reynst áhyggjuefni ef ekkert yrði að gert. Dæmin báru öll einkenni þess að starfsmenn af erlendu bergi brotnu væru í auknum mæli farnir að taka þátt í íslensku atvinnulífi, sem varð til þess að notkun íslenskunnar var farin að minnka. Til dæmis höfðu erlendir sérfræðingar verið ráðnir í störf hjá stórfyrirtækjum og þar af leiðandi voru aðalfundir og ársskýrslur farnar að fara fram á ensku. Auk þess voru Íslendingar farnir að nota ensku þegar þeir sóttu ýmsa þjónustu vegna þess að starfsfólkið skildi hana betur en íslensku. Menntakerfið var farið að leggja áherslu á að undirbúa nemendur sína fyrir störf á alþjóðavettvangi, þar sem atvinnuumhverfið hér á landi var orðið alþjóðlegra. Á sama tíma var farið að draga úr íslenskukennslu og lagðar höfðu verið fram tillögur að frekari niðurskurði.

Íslensk málnefnd sá ástæðu til að brugðist yrði við breyttu umhverfi og lagði til að tryggja þyrfti að tungumálið yrði notað á öllum sviðum samfélagsins til að styrkja stöðu íslenskunnar. Ef tungumálið er ekki notað á öllum sviðum veikist staðan og það þarf ekki mikið

til. Ef íslenskan dettur út á einu sviði samfélagsins, til dæmis í viðskiptalífinu eða háskólunum, getur verið erfitt, og jafnvel ómögulegt, að koma henni inn aftur. Það er staða tungumálsins sem ræður framtíð þess innan samfélagsins en ekki stærð málsamfélagsins. Um stöðu íslenskunnar þarf að vera kveðið í stjórnarskránni til að tryggja að hún verði notuð í íslensku stjórnkerfi og almannajónustu. Tungumálið skal notað á öllum sviðum samfélagsins á sem fjölbreytilegastan hátt.

Íslensk málnefnd sagði mjög mikilvægt að skólakerfið legði áherslu á að töluð væri íslenska innan þess á öllum stigum, sérstaklega hjá leikskólum og grunnskólum. Börn þurfa góðar málfyrirmyndir til að fá málörvun og ná góðum tókum á málinu. Jafnframt lagði nefndin til að sú stefna skyldi sett að meirihluti starfsmanna leik- og grunnskóla hafi íslensku að móðurmáli. Þó er nauðsynlegt að menntakerfi stuðli að færni í öðrum tungumálum, en Íslensk málnefnd bendir á að góð færni í móðurmálinu sé besti undirbúningurinn fyrir það. Þó að eftirsóknarvert sé að íslenskir háskólastúdentar séu gjaldgengir á alþjóðlegum vettvangi, er einnig þörf á að undirbúa þá fyrir störf hérlendis (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2010).

Alnetið er í dag öflugasta upplýsingaveita heimsins. Það hefur haft mikil áhrif á samfélagið og jafnframt breytt þjóðlífi umtalsvert. Alnetið er fljótlegur og þægilegur miðill, sem er aðgengilegur í nútímasamfélagi við nánast hvaða aðstæður sem er. Hægt er að nálgast efni á alnetinu með snjallsímum, og það er jafn aðgengilegt hvort sem notandinn er heima hjá sér eða uppi á fjöllum. Meirihluti þess efnis sem þar er að finna er á ensku en það er að margra mati varhugaverð staðreynd. Raddstýringar verða sífellt algengari í tækninýjungum og þar er enskan ráðandi tungumál. Sumir hafa spáð því að 21. öldin verði öld máldauðans (Sölvi Sveinsson, 2001). Guðrún Kvaran velti fyrir sér í grein sinni sem kom út í bókinni *Málstefna – Language Planning* (2004) hvort íslensk málstefna eigi rétt á sér, og komst hún að þeirri niðurstöðu að hún gerði það – tvímælaust, eins og hún sjálf orðaði það.

Málstefna er ekki hættuleg. Hana á ekki að tengja við boð og bönn, þetta má, en hitt ekki. Stefnan á að gera málnotendum ljóst að þeir eru með tæki sem þeir geta notað við nær allar kringumstæður, jafnt í rituðu máli sem töluðu. Vissulega getur verið erfitt að tala á móðurmálinu um mjög sérhæfð efni jafnóðum og þau berast til landsins, en jákvæð afstaða til nýyrðasmíði, hvort heldur er nýrra orða af íslenskum rótum eða tökuorða sem aðlöguð eru í íslensku hljóð- og beygingakerfi, eyðir fyrr enn varir þeim vanda ef vilji er fyrir hendi (2004:56).



## 2.6 Íslenska til alls

Í íslensku málstefnunni eru sett viðmið og lagðar fram tillögur til að tryggja að íslensk tunga verði áfram notuð á öllum sviðum samfélagsins. Í henni er sérstakur kafli tileinkaður notkun íslensku í fjölmiðlum. Þar kemur fram að fjölmiðlar hafi ákveðnu ábyrgðarhlutverki að gegna gagnvart tungumálinu, en samkvæmt málstefnunni ber þeim að halda áfram að nota íslensku, auk þess sem þeir eiga að nota góða íslensku (Íslensk málnefnd, 2009).

Íslensk málnefnd (2009) fer fram á að fjölmiðlar á Íslandi setji sér opinbera málstefnu. Þar er bent á að þrátt fyrir augljósan metnað og áherslu á vandað málfar hafi þeir fæstir gert það. Með því að koma þeirri stefnu í skriflegt form yrði þessi metnaður þeirra gagnvart tungumálinu sýnilegur, auk þess sem gerð stefnunnar myndi kveikja áhuga almúgans og skapa eflandi umræðu um íslenska tungu í landinu. Fjölmiðlar eru í góðum tengslum við almenning og eiga að stuðla að fræðslu og umræðu um tungumálið. Íslenskan er sameign þjóðarinnar og því eðlilegt að umræða um tungumálið fari fram á útbreiddum fjölmiðlum. Það er hlutverk þeirra að standa vörð um tungumálið, og jafnframt eiga þeir að gera kröfur til blaða- og fréttamanna um góða íslenskukunnáttu til að tryggja góða meðferð málsins. Íslensk málnefnd leggur til að íslenska verði brýnd fyrir fjölmiðlafólki sem kennslugrein. Þá er lagt til að íslenska sé kennd sem námsgrein í fjölmiðlafræðikennslu á háskólastigi og að blaðamönnum eigi að standa til boða endurmenntunarnámskeið í íslensku.

Mikilvægt er að efla innlenda dagskrárgerð og framleiða afþreyingar- og skemmtiefni sem endurspeglar íslenskan veruleika. Slíkt sjónvarpsefni er verðmætt fyrir samfélagið og veitir mótvægi við öllu því erlenda efni sem stendur áhorfendum til boða. Sjónvarpsstöðvar eru því hvattar til að sýna og framleiða fjölbreytilegt innlent dagskrárefni, bæði fyrir börn og fullorðna.

Málfar á fjölmiðlum ætti alltaf að vera til fyrirmyndar, hvort sem málið er talað eða skrifað. Tungumálið er mikilvægasta atvinnutæki fjölmiðlamanna og því ættu fagfélög þeirra, eins og Blaðamannafélag Íslands, að sýna frumkvæði með því að gera málstefnu fyrir fjölmiðlamenn. Í tillögum málnefndar er lagt til að menntamálaráðuneytið, Blaðamannafélag Íslands og málræktarsvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sameini krafta sína og komi af stað málstefnuvinnu fyrir fjölmiðla. Jafnframt kemur fram að í árslok 2009 skuli allir fjölmiðlar hafa sett sér málstefnu (Íslensk málnefnd, 2009).

Málstefna Ríkisútvarpsins var í fyrsta skipti samþykkt á fundi Útvarpsráðs 13. september 1985, en það var í fyrsta skipti sem opinber stofnun á Íslandi setti sér skriflega málstefnu (Anna Sigríður Þráinsdóttir. Munnleg heimild, 18. mars 2015). Samkvæmt lögum ber Ríkisútvarpinu skylda til þess að efla íslenska tungu og menningu. Stofnuninni ber að sinna

mikilvægu fræðslu- og uppeldishlutverki í íslensku samfélagi (Lög um Ríkisútvarpið nr. 23/2013). Ríkisútvarpið er fyrirmynd þegar kemur að málfari og allt sem kemur frá stofnuninni skal vera á vandari íslensku, flutt með skýrum og góðum framburði. Ef stofnunin kemst ekki hjá því að nota erlent orð ber að samræma það íslenskri tungu (Ríkisútvarpið, 2010).

Málstefna Ríkisútvarpsins var endurskoðuð í kjölfar þess að íslenska málstefnan var samþykkt. Auk þess var orðið tímabært að uppfæra hana þar sem miklar breytingar höfðu átt sér stað í umhverfi fjölmiðla frá því að upphaflega málstefnan var sett (Anna Sigríður Þráinsdóttir. Munnleg heimild, 18. mars 2015). Breytingarnar voru samþykktar af útvarpsstjóra 5. febrúar 2010. Málstefnunni er skipt upp í nokkra kafla þar sem vinnureglur og viðmið Ríkisútvarpsins eru kynnt og útskýrð. Meðal annars er kveðið á um vandað mál á öllum sviðum stofnunarinnar, en þá er bæði átt við áherslur og skýrleika í framburði, og meðferð orða. Flytjendur texta bera sjálfir ábyrgð á að fylgja þeim kröfum sem settar hafa verið um vandað málfar. Aðsent efni fær enga undanþágu, ekki einu þótt það sé í formi auglýsinga. Allt efni þarf að uppfylla áður nefndar kröfur (Ríkisútvarpið, 2010).

### 3. Tungumál í fjölmiðlum

#### 3.1 Um fjölmiðla

Fjölmiðlar urðu til á 19. og 20. öld í kjölfar þéttbýlismyndunar og iðnvæðingar. Framboð og eftirspurn eftir fréttum fór að aukast og þar með urðu til forsendur fyrir slíkri starfsemi (Petersson og Pettersson, 2005:12). Samkvæmt skýrslu frá nefnd menntamálaráðherra (2005) er fjölmiðill skilgreindur sem lögaðili; fyrirtæki eða stofnun sem safnar, metur og setur reglulega fram upplýsingar og dreifir til fjölda fólks á tilteknu svæði. Það fer eftir eðli miðilsins hvernig hann dreifir þeim upplýsingum sem hann hefur safnað. Til eru þrennskonar miðlar. Prentmiðill festir upplýsingar sínar á pappír og dreifir í formi dagblaða eða tímarita. Ljósavakamiðill kemur efni frá sér í útvarpi eða sjónvarpi. Þriðja leiðin er svo alnetið, en þar geta miðlar bæði notast við texta eða stafrænt form (Nefnd menntamálaráðherra, 2005).

Samkvæmt samskiptakenningum (e. communication theory) má skilgreina hugtakið miðill (e. medium) sem millilið samskipta. Hann tekur þátt í samskiptum samfélagsins og eflir þau. Bertland og Hughes (2005) benda á að öll samskipti megi bæta með inngripi ákveðins aðila, það er að segja miðils, jafnvel þótt þau þó eigi sér einungis stað milli tveggja einstaklinga. Inngrip frá þriðja aðila, hvort sem viðkomandi er manneskja eða orð á pappír, gæti haft jákvæð áhrif á niðurstöðurnar.

Algengt er að fjölmiðill sé hugsaður sem tiltekin tækni sem skapar tengsl milli fólks, eins og útvarp, sjónvarp, dagblöð, kvikmyndir og svo framvegis. Hver og einn þessara þátta er ákveðin eining eða stofnun (e. institution) innan hugtaksins fjölmiðill (Bertland og Hughes, 2005:4). Fjölmiðlar eru taldir ein mikilvægasta upplýsingalind almennings í lýðræðissamfélögum samtímans. Borgarar eiga að geta metið innihald fréttanna sjálfir, tekið afstöðu til þeirra og mótað sínar lýðræðislegu ákvarðanir. Því er lögð áhersla á fjölbreytilegan fjölmiðlamarkað, það er að segja marga mismunandi miðla með mismunandi fjölmiðlaefni, til þess að tryggja menningarlega og stjórnmálalega fjölbreytni. Einnig er lögð áhersla á að fjölraði sé á fjölmiðlamarkaði, það er að segja að mismunandi eigendur séu á þeim fjölmörgu miðlum sem í boði eru (Nefnd menntamálaráðherra, 2005).

Fjölmiðlar hafa lengi verið mikilvægur þáttur í þjóðlífi vestrænna þjóða og margir gætu ef til vill ekki hugsað sér þjóðfélagið án þeirra (Þorbjörn Broddason, 1987:5). Hlutverk fjölmiðla í nútímasamfélagi eru margvísleg og mikilvæg. Þeir hafa skapað sér ríkan sess í samfélögum okkar til margra ára með því að upplýsa, fræða og móta skoðanir almennings. Auk þess eru þeir til skemmtunar og afþreyingar, og vettvangur fyrir auglýsingar og tilkynningar

(Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2004). En hlutverk fjölmiðla getur verið talsvert umfangsmeira en það, ef vel er að gáð. Fjölmiðlar gegna aðhaldshlutverki í samfélaginu, sem jafnan er talið þeirra mikilvægasta hlutverk. Þeir fjalla um málefni sem skipta miklu máli fyrir fólkið í landinu, til dæmis málefni sem oftast en ekki snerta ákvarðanir stjórnvalda og hagsmunasamtaka. Ef ekki væri fyrir tilvist fjölmiðla til þessara mála yrði þessum upplýsingum ekki komið út með eins umfangsmiklum hætti. Þær yrðu almenningi ekki eins aðgengilegar og stórar ákvarðanir yfirvalda gætu farið framhjá fjölmörgum aðilum. Áhrif fjölmiðla geta því haft mikið að segja hvað varðar viðhorf fólks til þeirra málefna sem fram fara í landinu.

Ríkisvaldið víðast hvar, þar á meðal hér á landi, er þrískipt. Um er að ræða löggjafar-, framkvæmda-, og dómsvald (Þorbjörn Broddason, 2005:42-43). Þessi þrískipting sér til þess að einn aðili hafi ekki of mikil völd. Hún tryggir jafnvægi í þjóðfélaginu og kemur í veg fyrir harðstjórn yfirvalda yfir íbúum landsins. Fjölmiðlar eru gjarnan kallaðir fjórða valdið. Hlutverk þeirra er að veita fyrrnefndum völdum virkt aðhald og sinna eftirlitshlutverki, svo sem með því að koma upp um spillingu og upplýsa fólk um gjörðir valdhafa eða annarra aðila sem annars myndu ekki rata til almennings. Það aðhaldshlutverk sem fjölmiðlarnir gegna er virkilega áberandi í samfélaginu, enda er þá að finna í einni eða annarri mynd á hverju einasta heimili á hverjum einasta degi. Í raun er hlutverk fjölmiðla mun meira áberandi en það sem fram fer hjá stjórnvöldum. Það eru þeir sem gera þessar upplýsingar aðgengilegar fyrir almenning. Því má með sanni segja að völd þeirra og ábyrgð séu mjög mikil.

### **3.2 Breytt fjölmiðlanotkun**

Í nútímasamfélagi leikur alnetið lykilhlutverk hvað varðar upplýsingar og þjónustu. Hægt er að nálgast þar nánast hvað sem manni dettur í hug. Það er þó tiltölulega stutt síðan alnetið kom fyrst fram á sjónarsviðið og enn styttra síðan þessi mikla netvæðing fjölmiðlanna átti sér stað. Eðli netvæðingarinnar breytist mjög ört og er ekki enn komin á sína endastöð (Pettersson og Pettersson, 2005:28). Hún gerði fyrst vart við sig árið 1994 en þá fóru fjölmiðlarnir einn af öðrum að koma fram með heimasíður sínar, sem þá voru ekki enn orðnar fréttasíður. Hægt og bitandi væddust vefsíður miðlanna þó og í dag notast allir helstu fjölmiðlar heimsins við netútgáfu með einhverjum hætti. Fyrsti miðillinn til þess að opna fréttavef á Íslandi var Morgunblaðið árið 1998, fjórum árum eftir að heimasíða þeirra fór í loftið.

Með tilkomu netmiðla hefur fjölmiðlanotkun fólks breyst heilmikið. Áður var hún bundin við blaðalestur og frétttaflutning í sjónvarpi og útvarpi á ákveðnum tímum, en með

tilkomu fréttasíðna á alnetinu fer fjölmiðlanotkun fram jafnt og þétt allan daginn. Með tækniþróun hefur möguleikum í fjölmiðlun fjölgað umtalsvert og í dag er fjölmiðlasviðið orðið gríðarlega umfangsmikið og stórt. Þar af leiðandi hefur orðið mikil fjölgun starfsmanna í faginu. Vegna þessarar fjölgunar verður sífellt algengara að fjölmiðlafólk hafi hvorki menntun né reynslu í faginu (Íslensk málnefnd, 2009).

Þó svo að íslensku dagblöðin hafi netvæðst koma þau enn út á prenti. Fréttavefir þeirra hafa þá stefnu að innihald fréttanna sé ekki eins umfangsmikið og í blöðunum sjálfum (Petersson og Pettersson, 2005:28). Jafnframt má finna málfarsvillur í meiri mæli hjá mörgum miðlum, og þá sérstaklega á alnetinu. Þar er ranglega farið með beygingar, orðatiltæki og orðtök – og gjarnan er vitlaust farið með merkingu algengra orða og orðtaka (Tryggvi Gíslason, 1999).

Með auknum tækifærum í fjölmiðlun hefur hraðinn í frétttaflutningi farið ört vaxandi. Fjölmiðlamarkaðurinn er stór og samkeppnin um að vera fyrstur með fréttirnar er mikil. Með fréttavefsíðum gefst fjölmiðlum nú tækifæri til að segja fréttir nánast á sama tíma og þær eru að eiga sér stað. Þetta hefur orðið til þess að fagleg vinnubrögð og vandað málfar er farið að líða fyrir þá samkeppni að vera fyrstur með fréttirnar. Fjölmiðlar eru mikilvæg og vinsæl upplýsingaveita í nútíma samfélögum og gegna talsverðu hlutverki í þróun tungumálsins. Þeir eru mjög aðgengilegir og endurspeгла stöðu tungunnar frá degi til dags (Íslensk málnefnd, 2009).

### 3.3 Málnotkun

Heildaryfirbragð máls kallast *málsnið*. Það getur verið mismunandi og mótast af aðstæðum. Við verðum fyrir áhrifum af þeim aðstæðum sem við erum í og yfirleitt getum við gert það áreynslulaust með ómeðvituðum hætti. Við veljum og notum ákveðið málsnið án þess að við sjálf eða viðmælandinn taki sérstaklega eftir því (Eiríkur Rögnvaldsson, 2010). Gott er að líkja vali á málsniði við ákvarðanatöku varðandi hæfilegan klæðaburð. Stundum þykir viðeigandi að klæðast sparifötum og við önnur tilefni gæti það hentað sömu manneskju að klæðast stuttbuxum og stuttermabol (Höskuldur Þráinsson, 1995).

Ef við yfirferum þetta yfir á færni til að velja málsnið þá erum við komin út í það sem kallast *málnotkunarhæfni*. Hún felur í sér að geta valið viðeigandi og heppilegt málsnið út frá viðmælanda og viðfangsefni. Sá sem hefur góða málnotkunarhæfni veit hvað æskilegt er að segja við hvern og einn eftir því við hvern er rætt, og hvernig best sé að koma því frá sér eftir aðstæðum. Þá kemur sér vel að hafa góða félags- og menningarlega þekkingu.

Málnotkunarhæfni á bæði við um kunnáttu til að geta greint hvaða málsnið hver og einn hefur tileinkað sér og hæfileikann til þess að að geta dregið ályktanir um slíkt. Auk þess felur slík hæfni í sér að vita hvenær réttast sé að tala og hvenær að þegja, að þekkja með hvaða málsniði aðrir tala við einstaklinga úr öðrum stéttum eða menningarhópum, hvernig biðja skuli einhvern um eitthvað, eða hvernig veita skuli einhverjum upplýsingar, hvernig bjóða-, þiggja-, eða hafna skuli aðstoð, hvernig gefa skuli skipanir og svo framvegis. Í meginatriðum, allt sem felur í sér málnotkun og önnur tjáningartæki í tilteknum félagslegum aðstæðum (Saville-Troike, 2003).

Tungumál breytast með tíð og tíma. Rétt mál þarf að vera í samræmi við málvenju, en þær eru tímabundnar og taka breytingum. Því má segja að allar málbreytingar séu breytingar á málvenjum. Algengast er að allir hafi sömu málvenju, en þó geta þær verið staðbundnar. Þá er mismunandi venja um sama atriðið. Þetta geta verið mismunandi tilbrigði sem menn tileinka sér í orðaforða eftir landshlutum eða stéttum. Gjarnan tíðkast ákveðið orðfæri innan tiltekins hóps. Ef til vill nota einstaklingar sérstakt málsnið í vinahóp sínum eða meðal starfsfélaga. Málvenja er ekki einstaklingsbundið fyrirbæri, heldur er um málvenju að ræða þegar stór hópur hefur tileinkað sér ákveðin tilbrigði í máli (Indriði Gíslason o.fl., 1988).

### 3.4 Tungumál sem atvinnutæki fjölmiðla

Málnotkun er mjög mikilvæg fyrir fjölmiðla, enda er tungumálið þeirra helsta atvinnutæki. Frétta- og fjölmiðlafólk í sjónvarpi og útvarpi beitir tungumáli með rödd sinni, en blaðamenn beita því skriflega. Eðli miðilsins getur haft heilmikið að segja um málsnið; þ.e.a.s. hvort um sé að ræða talmál eða ritmál.

Í flestum tilvikum gefum við okkur lengri tíma í að móta ritað mál en talað. Við veltum fyrir okkur hvernig best sé að koma orðum að því sem okkur langar að skrifa, og vöndum okkur meira (Eiríkur Rögnvaldsson, 2010). Málsnið sem tíðkast í formlegu máli er fremur talið eiga við um ritmál en talmál. Málsnið talmáls og ritmáls eru því ekki eins (Höskuldur Þráinsson, 1995:126, 153). Við eigum það til að hika, mismæla okkur eða brjóta ýmsar málfræðireglur þegar við myndum setningar í töluðu máli. Það er þó eðlilegt vegna þess að við höfum ekki tekið okkur tíma til þess að skipuleggja okkur.

Ritmál getur þó verið misjafnlega formlegt. Fræðigreinar eiga það til dæmis til að vera formlegri og ópersónulegri en fréttir í dagblöðum. Munurinn felst fyrst og fremst í mismunandi áherslum höfunda. Útvarp og sjónvarp hafa ákveðna sérstöðu hvað þetta varðar. Þar er mikið um það að texti sé saminn sem ritmál, en fluttur sem talað mál. (Eiríkur Rögnvaldsson, 2010).

Algengt er að slíkt dagskrárefni finnist hjá Ríkisútvarpinu á Rás 1 í útvarpi. Þar eru þættir oft eftir handriti og að mestu leyti lesnir upp. Um slíka þætti gilda strangar kröfur um fornlegt málsnið og vandaðan upplestur. Á Rás 2 er aftur á móti lítið um slíka þætti, og meira um óundirbúið mál. Algengast er að útvarpsmenn Rásar 2 notist við tal án samfellds handrits, en með punktum. Þá hefur viðkomandi skrifað hvað hann ætli sér að taka fyrir í þættinum, og tekur hvert málefni fyrir án undirbúins texta. Gerð er krafa um vandað málsnið en þó má það vera frjálsslegra en í undirbúnum texta (Anna Sigríður Þráinsdóttir, munnleg heimild, 18. mars 2015).

Í næstu köflum verður fjallað um könnun rannsakanda á íslenskum fjölmiðlum og kröfum þeirra til málfars. Skoðuð verða mismunandi viðmið og áherslur sem fjölmiðlar setja sér hvað tungumálið varðar og athugað verður hvort þeir telji sig sinna ábyrgðarhlutverki gagnvart málrækt í samfélaginu.

## 4. Aðferðir og gögn

Gögnin sem notuð eru við þessa rannsókn eru annars vegar mælt mál og hins vegar ritað, en það er eitt af megin einkennum eigindlegra rannsókna (e. qualitative research). Rýnt var í bækur og önnur aðgengileg rit til að afla þekkingar um viðfangsefnið, auk þess sem tekin voru viðtöl við nokkra aðila sem koma – eða hafa komið – að málfari hjá fjölmiðlum með einum eða öðrum hætti. Bækurnar og ritin veita innsýn í þekkingu almennings á viðfangsefninu og með viðtölunum kynnir rannsakandi sér mismunandi skoðanir, aðferðir, þekkingu og reynslu sem nýtist í úrvinnslu gagna. Eigindlegar rannsóknaraðferðir er tilvalið að nota þegar verið er að rannsaka upplifun og reynslu fámenns hóps, þar sem reynt er að skilja upplifun og skoðun hvers viðmælanda, fremur en að notast við tölfræðilegar mælingar (Braun og Clarke, 2013).

### 4.1 Gagnaöflun

Tekin voru eigindleg einstaklingsviðöl, eða hálfstöðluð, opin viðtöl (e. semi-structured, in depth interviews) við gerð rannsóknarinnar. Viðmælendur voru spurðir opinna spurninga (e. open-ended questions) út í viðfangsefni rannsakandans, en slíkar spurningar bjóða upp á umræður um viðfangsefnið með löngum og ítarlegum svörum (Mathers, Fox og Hunn, 1998). Talað var við fimm aðila á tímabilinu 19. febrúar – 30. apríl.

Val á viðmælendum er mikilvægur þáttur í undirbúningi fyrir hálf-stöðluð viðtöl, enda lykilatriði að réttir aðilar verði fyrir valinu. Notast var við svokallað markvisst úrtak (e. purposive sampling) við val á þeim einstaklingum. Þá eru viðmælendur valdir vegna þess að þeir búa yfir sérstakri innsýn eða sérþekkingu tengdri rannsókninni (Braun og Clarke, 2013). Eins og fram hefur komið voru viðmælendur aðilar sem koma- eða hafa komið að málfari hjá fjölmiðlum landsins með einum eða öðrum hætti og ættu þeir því að falla undir þetta viðmið.

Öll viðtölin fóru fram á skrifstofum viðmælanda á þeirra vinnutíma fyrir utan eitt sem var símaviðtal. Viðtölin tóku á bilinu 20–70 mínútur. Þar sem rannsakandi þurfti að fá svör við sömu spurningum frá viðmælendum var notast við viðtalsramma (e. interview guide), en það er listi yfir allar þær spurningar sem rannsakandi þarf að fá svör við. Stuðst er við listann, og reynt að fylgja honum í þeirri röð sem hann er skrifaður, en þó er það ekki nauðsynlegt (Flick, 2009). Listinn var fyrst og fremst notaður sem grind undir viðtalið. Oft gáfu svör viðmælanda möguleika á öðrum spurningum til þess að fá ítarlegri upplýsingar og dýpri skilning á því sem



viðkomandi átti við. Með því að styðjast við viðtalsramman fékk rannsakandi gagnlegar upplýsingar sem nýttust vel við túlkun niðurstaðna.

Rannsakandi tók viðtölin upp á hljóðupptökutæki, færði upptökuna svo yfir í tölvu og afritaði á tölvutækt form. Því næst var rýnt í viðtölin, en þar var notast við markvissa greiningu (e. selective coding) til að greina þemu í svörum viðmælenda og komist að niðurstöðu.

## 4.2 Viðmælendur

Rannsakandi tók viðtöl við starfsmenn hjá þremur íslenskum fjölmiðlum: Ríkisútvarpinu, 365 miðlum og Morgunblaðinu. Allir viðmælendur koma eða hafa komið að málfari hjá viðkomandi miðlum. Auk þess var rætt við rannsóknarprófessor hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og talmeinafræðing sem hefur verið áberandi í umræðunni um stöðu og framtíð íslenskrar tungu í samfélaginu þegar þessi ritgerð er skrifuð.

Anna Sigríður Þráinsdóttir er málfarsráðunautur Ríkisútvarpsins, og hefur verið í því starfi í rúmlega þrjú ár. Áður en hún tók við starfinu var hún lektor á menntavísindasviði Háskóla Íslands, þar sem hún kenndi kennaranemum íslensku, en við það starfaði hún í tólf ár. Rannsakandi hitti Önnu á skrifstofu sinni í Útvarpshúsinu að Efstaleiti 1 í Reykjavík. Viðtalið var tekið miðvikudaginn 18. mars kl. 13:25 og stóð yfir í tæpa klukkustund.

Andri Ólafsson er aðstoðarritstjóri fréttastofu 365, en þegar viðtalið var tekið hafði hann aðeins verið í því starfi í tæpa viku. Andri hefur gegnt ýmsum millistjórnunarstöðum hjá 365 miðlum í gegn um tíðina. Áður var hann aðstoðarfréttastjóri á fréttastofu 365 og þar áður var hann fréttastjóri á Fréttablaðinu. Hann hefur sinnt starfi vaktstjóra hjá Stöð 2, auk þess sem hann hefur unnið við ýmis fréttá- og blaðamannastörf. Ásamt Andra eru tveir aðrir aðstoðarritstjórar á fréttastofu 365, þau Kolbeinn Tumi Daðason og Hrund Þórsdóttir. Þau skipta með sér verkum, sem felst í því að hver og einn aðstoðarritstjóri ber ábyrgð á ákveðnum miðli. Hrund er mest tengd Stöð 2, Kolbeinn Tumi er með Vísi og Andri hefur yfirumsjón með Fréttablaðinu. Rannsakandi hitti Andra á skrifstofu hans í höfuðstöðum 365 miðla sem staðsett er að Skaftahlíð 24 í Reykjavík. Viðtalið var tekið mánudaginn 30. mars kl. 13:30 og stóð yfir í tæplega 40 mínútur.

Elva Brá Jensdóttir er íslenskufraeðingur að mennt og hefur starfað hjá Morgunblaðinu í sjö ár, eða síðan árið 2008. Hún starfaði lengst af við prófarkarlestur en hefur nú verið í minningagreinaeildinni í eitt ár. Rannsakandi tók símaviðtal við Elvu sem þá var stödd á heimili sínu. Viðtalið var tekið fimmtudaginn 30. apríl kl. 18:00 og stóð yfir í tæplega 20 mínútur.

Linda Björk Markúsardóttir er sjálfstætt starfandi talmeinafraeðingur. Hún útskrifaðist með BA próf í íslensku frá Háskóla Íslands árið 2010 og lauk meistaranámi í talmeinafraeði árið 2014. Áður starfaði hún hjá Orðabók Háskólans og síðar í talmeinaþjónustunni hjá Landspítalanum Grensási. Rannsakandi hitti Lindu á skrifstofu sinni hjá Talþjálfun Reykjavíkur að Bolholti 6, þar sem hún hafði þá starfað í tvo mánuði. Viðtalið var tekið fimmtudaginn 30. apríl kl. 17:00 og stóð yfir í tæplega 30 mínútur.

Ari Páll Kristinsson er rannsóknarprófessor og stofustjóri málræktarsviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Hann er menntaður í íslensku og almennum málvísindum og með doktorspróf í íslenskri málfræði. Ari hefur starfað víða, meðal annars sem málfarsráðunautur Ríkisútvarpsins og sem forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar. Rannsakandi hitti Ara á skrifstofu hans að Neshaga 16 í Reykjavík. Viðtalið var tekið 19. febrúar kl. 16:00 og stóð yfir í tæplega 30 mínútur. Þá var verkefni rannsakanda enn í mótun. Ari gaf góðar leiðbeiningar, hugmyndir og ráð um hvernig best væri að vinna rannsókn í tengslum við málfar og ábyrgð fjölmiðla. Hann benti rannsakanda á helstu þætti sem vert væri að skoða. Úr varð þessi rannsókn.

## 5. Niðurstöður

Við greiningu viðtalanna mátti finna ákveðin þemu í svörum viðmælenda sem verður fjallað um í þessum kafla.

### 5.1 Málstefna og kröfur um gott málfar

Eins og fram hefur komið var íslensk málstefna samþykkt í byrjun ársins 2009 en þar var meðal annars kveðið á um að allir íslenskir fjölmiðlar hafi sett sér málstefnu undir lok þess árs.

Ríkisútvarpið hefur sett sér opinbera málstefnu sem meðal annars er aðgengileg á vefsíðu þeirra og er mikilvægur hluti af þeirra ímynd og starfsemi. Anna Sigríður Þráinsdóttir málfarsráðunautur var mjög áhugasöm um að kynna stefnuna fyrir rannsakanda og sagði hana litna alvarlegum augum og að henni sé fylgt eftir fremsta megni. Starfsfólki Ríkisútvarpsins ber að kynna sér málstefnuna, og fylgja þeim viðmiðum sem sett hafa verið um málfar og málnotkun á miðlinum. Stefnan var sett árið 1985 af Árna Böðvarssyni þáverandi málfarsráðunaut og var fyrsta skráða málstefnan sem opinber stofnun setti sér á Íslandi. Hún var síðan endurskoðuð árið 2009 eftir að íslenska málstefnan var samþykkt á Alþingi.

„Áður en málstefnan var endurskoðuð giltu sömu stífu reglurnar um Rás 2 og Rás 1. Í millitíðinni varð svo sprenging á fjölmiðlamarkaði. Útvarpsstöðvarnar urðu ótal margar, sjónvarpsstöðvar þó nokkrar og þessháttar. Landslagið breyttist svolítið, og á sama tíma málsniðið og kröfurnar sem eru gerðar um mál. Þær breytast líka hér innanhúss, þó svo að við höfum þessa málstefnu. Við getum ekki verið einhver risaeðla, sem situr bara eftir og talar einhverja íslensku frá 6. áratugnum ef við ætlum að vera hluti af þessum fjölmiðlaheimi.“

Anna segir mjög mikilvægt að endurskoða málstefnuna reglulega og nefnir að stefnt sé að því að koma á fót málnefnd innan Ríkisútvarpsins sem fer yfir málstefnuna og tekur fyrir atriði sem þarf að breyta. Fjölmiðlaumhverfið breytist ört og nýir möguleikar í fjölmiðlun hafa gjarnan í för með sér forsendur til að bæta nýjum reglum inn í stefnuna.

Hvorki 365 né Morgunblaðið hafa sett sér skráða málstefnu og engar reglur eða viðmið eru aðgengileg almenningi, eða að finna á vefsíðum miðlanna í sambandi við málnotkun eða almennar vinnureglur starfsmanna. Á vefsíðu 365 miðla má finna síða- og ritstjórnarreglur sem fyrirtækið styðst við, en þar er ekki kveðið á um málfar eða málnotkun. Þó svo að engin eiginleg

stefna hafi verið sett hjá viðkomandi miðlum er þó gerð krafa um gott málfar sem reynt er að tryggja með ýmsum leiðum.

Samkvæmt Andra Ólafssyni notast blaðamenn Fréttablaðsins við ákveðna handbók þar sem kveðið er á um vönduð vinnubrögð, nákvæmni, heiðarleika og góða íslensku. Í þessari svokölluðu *handbók blaðamanna Fréttablaðsins* stendur meðal annars:

„Fréttir blaðsins eru skrifaðar á auðskildu og gagnsæju máli og eiga að höfða til alls almennings. Forðast skal með öllu tyrfið stofnana- og sérfræðingamál. Orðastyttingar og kæruleysislegt orðalag er ekki notað í fréttum, svo sem lögga og dóp,“  
(Andri Ólafsson. Munnleg heimild, 20. apríl).

Andri segir að lögð sé áhersla á að notuð sé góð íslenska en þó eigi hún að vera afslöppuð og alþýðleg fremur en óþarflega vönduð og flókin. Meginmarkmiðið er að efni frá þeim sé á auðskiljanlegu máli, vel uppsett og hrífi lesendur eða áhorfendur. Eins og fram kemur í handbókinni ber að forðast stofnana- og sérfræðingamál og segir Andri helstu baráttu þeirra sem eru að verk- og ritstýra að taka slíkt orðskrúð niður:

„Blaðamenn eru sífellt að tala við fólk úti í bæ sem eru sérfræðingar á sínu sviði og tala um umfjöllunarefni sitt með þeim hætti. Hlutverk blaðamannsins er að taka það tungumál og upplýsingar og þýða þær yfir á eitthvað sem lesandinn eða áhorfandinn getur skilið og hrifist af. Við erum sífellt að slást við okkar blaðamenn um að gera textann sinn skiljanlegri, einfaldari og aðgengilegri – en festast ekki í tungutaki viðmælandans, eins og er mjög algengt.“

Jafnframt segir Andri að oft sé erfitt að koma flóknum hlutum að með einföldum hætti og til þess þurfi viðkomandi blaðamaður að hafa góða þekkingu á umfjöllunarefni sínu:

„Þeir sem hafa yfirburðarþekkingu á sínum málaflokki geta auðveldlega tjáð sig um hluti á einfaldan og auðskilinn hátt. En þeir sem hafa ekki fullkomið vald á því sem verið er að fjalla um geta oft falið þekkingarleysi sitt í orðskrúði og akademísku tungutaki. Smá svona froðu. Það felur svolítið punktana.“

Elva Brá Jensdóttir segir málfar á Morgunblaðinu vera hefðbundið en íhaldssamt. Hún segir skriflegar ábendingar berast starfsfólki Morgunblaðsins reglulega í tölvupósti, þar sem

kveðið er á um æskilegt málfar. Yfirleitt komi þau viðmið frá stofnun sem tengist íslensku máli, eins og Íslenskri málnefnd eða Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum:

„Við fáum oft sendar til okkar ákveðnar reglur sem á að fylgja. Eitthvað sem er pikkað upp og starfsfólki bent á að kynna sér og nota. En þetta er ekkert formlegt. Bara ábendingar í tölvupósti.“

## 5.2 Eitthvað í loftinu

Hver og einn miðill hefur ákveðin viðmið og stíl sem blaðamenn og fréttafólk læra að tileinka sér á vinnustaðnum. Fréttir á miðlunum eru byggðar upp með ákveðnum hætti og orðaðar á ákveðinn hátt sem er einkennandi fyrir viðkomandi fyrirtæki eða stofnun.

Andri segir megináherslu 365 miðla vera að hafa textann grípandi, áhugaverðan og auðskilinn. Mikil áhersla er lögð á góðan stíl og vandaða uppsetningu, fremur en formlegt málsnið:

„Góður fréttatexti þarf að vera lifandi, leiftrandi og örva áhuga hjá áhorfendum eða lesendum. Við erum mjög meðvituð um það. Þess vegna finnst mér áherslan hjá mörgum svona málfarsráðunautum, eða þeim sem helst þykist vera annt um íslenska tungu, oft vera á umbúðir frekar en innihald. [...] Mér finnst oft gleymast í umræðunni um málfar á fjölmiðlum að málfar snýst um meira heldur en bara réttritun.“

Andri segist frekar kjósa texta sem uppfylli stílkröfur sínar en texta sem er fullkomlega málfræðilega réttur. Hann segir að þó þurfi að gæta samræmis og að það sé alls ekki í lagi að gera villur. Hann bendir á að villur í texta sé auðveldara að laga en ýmsa aðra veikleika blaðamanna. Meðal annars hafi blaðamenn Vísis og Fréttablaðsins aðgang að tölvuforriti sem leiðréttir stafsetningarvillur.

Bæði Anna Sigríður og Elva Brá eiga erfitt með að útskýra stílkröfur Ríkisútvarpsins og Morgunblaðsins. Þær tala um að fjölmiðlaefni frá miðlunum hafi ákveðin einkenni, þurfi að vera uppsett með ákveðnum hætti og að starfsmenn læri að tileinka sér rétt vinnubrögð sem erfitt sé að koma orðum að.

Í málstefnu Ríkisúvarpsins er kveðið á um að málnotkun skuli vera til fyrirmyndar. Þrátt fyrir það segir Anna Sigríður að ekki sé til ákveðinn staðall til viðmiðunar, heldur sé um huglægt fyrirbæri að ræða sem starfsfólk Ríkisúvarpsins lærir inn á:

„Það er ekki til málstaðall fyrir íslensku. Við höfum ekki annað heldur en tilfinninguna og það hvernig við höfum alltaf gert þetta. Ég veit ekki hvort ég vilji láta hafa þetta eftir mér, en við höfum stundum kallað þetta *RÚVísku*.“

Anna segir *RÚVísku* vera stífari og íhaldssamari en hið daglega mál sem almennt er notað í þjóðfélaginu. Starfsmönnum er gert að tileinka sér ákveðinn stíl, ákveðið orðalag og ákveðna uppbyggingu sem setur ákveðna heildarmynd á það efni sem kemur frá Ríkisúvarpinu og uppfyllir þeirra kröfur. Anna segir það taka nýja starfsmenn lengstan tíma að tileinka sér *RÚVískuna*.

Elva Brá segir að málfarsviðmiðin hjá Morgunblaðinu lærist af reynslunni. Ef eitthvað sem ekki þykir nógu gott sleppur í gegn og fer í blaðið er viðkomandi atriði tekið fyrir og starfsfólki bent á að það megi ekki gerast aftur. Þannig geti allir lært af mistökunum.

„Þetta er umhverfi sem maður verður hluti af. Maður finnur hvernig andinn er; það liggur einhvernvegin í loftinu hvernig málfarið á að vera. Ég veit ekki hvernig ég á að útskýra það, en maður bara veit það.“

### 5.3 Mismunandi áherslur

Viðmælendur voru allir sammála um að mismunandi áherslur væru lagðar á vandað mál, annarsvegar eftir eðli miðilsins og hinsvegar eftir umfjöllunarefni. Sérstaklega á þetta við um Ríkisúvarpið og 365 miðla sem eru með starfsemi á mjög ólíkum sviðum.

365 miðlar koma með einhverjum hætti að öllum mögulegum sviðum fjölmiðlunar. Þeir eru með mest lesna dagblað landsins, Fréttablaðið, útvarpsrásirnar Bylgjuna, FM957 og X-ið, áskriftarsjónvarpsstöðina Stöð 2 og fréttavefinn Vísi. Andri segir að hver og einn miðill hafi sína sérstöðu og markmið, og að sömu kröfur um málsnið séu ekki gerðar til hvers og eins miðils.

„Aðal áherslumunurinn er bara þessi hefðbundni mismunur milli talmáls og prentaðs máls. Reglan er í rauninni að gera sér grein fyrir lesandanum eða áhorfandanum og tala íslensku sem lesandinn eða hlustandinn hrífst af eða skilur. Eitthvað sem hann á auðvelt með að grípa. Að reyna að forðast að tala eða skrifa á íslensku sem hann tengir ekki við.“

Ríkisútvarpið gefur ekki út prentmiðil en heldur úti fréttavefnum RÚV.is og útvarpsstöðvunum Rás 1 og Rás 2 auk þess að vera með sjónvarpsstöð. Eins og fram kom í kafla 3.4 eru gerðar mismunandi kröfur um málsnið á Rás 1 og Rás 2. Þá er meira um upplestur á Rás 1 þar sem gerðar eru strangar kröfur um formlegt málsnið. Á Rás 2 er meira um óundirbúið mál og málsnið því frjálstlegra. Þrátt fyrir það er alltaf gerð krafa um að málfar sé vandað:

„Annarsvegar erum við með Rás 1 og Rás 2 þar sem að eru mismunandi körfur um málsnið, en svo er sjónvarpið og það er þarna einhverstaðar á milli. Það er kannski ekki alveg eins mikil dýpt eins og á Rás 1, en það er heldur ekki eins frjálstlegt og Rás 2.“

Anna Sigríður segir flesta innlenda þætti sem stofnunin framleiði fyrir sjónvarpið vera heldur formlega, en þó sé að finna nokkra þætti á dagskrá sjónvarpsins sem séu með heldur frjálstlegra sniði og allt eru það þættir sem eiga að höfða til yngri markhóps.

„Sjónvarpið er svolítið stífara heldur en útvarpið að mörgu leyti. Það er ekki eins sveigjanlegt. Gott dæmi er sjónvarpsþátturinn Hæpið. Þetta er voða mikið spjall. Það er verið að tala við ungt fólk um það sem að þeir töldu að þeim brynni á hjarta. Einn þáttur var um stefnumótamenningu, annar var um fjármál og svo framvegis. Og þetta er þáttur fyrir ungt fólk. Það er notað frjálstlegt tungutak – en formið var samt svona svolítið stíft. Það var samt niður njörvað á málinu og ekki hægt að leyfa sér alveg hvað sem er. Þannig að sjónvarpið er svolítið stíft með þetta. Það er kannski svolítið stífara heldur en einmitt báðar útvarpsrásirnar. Þó það sé kannski ekki alveg eins þunglamalegt eins og Rás 1.“

Almennt virðast kröfur um formlegt málfar vera meiri þegar kemur að prentmiðlum, það er að segja dagblöðum. Elva Brá talaði um að gerðar væru mun strangari kröfur um formlegt málsnið í prentmiðlinum hjá Morgunblaðinu en fréttavefnum. Þó er málfar á miðlinum yfir höfuð formlegt og íhaldssamt, en þó frjálstlegra á fréttavefnum. Auk þess benti hún á að

Morgunblaðið, það er að segja prentmiðillinn, sé prófarkarlesinn en fréttirnar sem fara á vefinn séu það ekki.

Andri hafði svipaða sögu að segja um Fréttablaðið og fréttavef þeirra Vísi.is. Hann sagði að mikill áherslumunur væri á miðlunum og stefnan væri í raun alls ekki sú sama. Auk þess benti hann á að Fréttablaðið væri prófarkarlesið, en aðrir miðlar hjá fyrirtækinu séu það ekki.

„Vísir er agressívari miðill heldur en Fréttablaðið. Maður gæti sagt að á litrófi fjölmiðlanna sé hann kannski gulari, enda eru vefmiðlar aðeins gulari heldur en hefðbundnir prentmiðlar. Við getum leyft okkur meira á Vísi heldur en við getum leyft okkur í Fréttablaðinu.“

Gulur miðill er fjölmiðill sem leggur áherslu á æsifréttamennsku, eins og til dæmis fréttir um glæpi og samfélagslega misbresti. Algengt er að lítil rannsóknarvinna liggi bakvið slíka fréttamennsku. Hraði í fréttáflutningi er meiri og fréttirnar eru birtar jafnvel þótt ekki sé öruggt að þær séu sannar (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2008). Að Vísir sé gulari en Fréttablaðið merkir því að þessi lýsing eigi betur við um Vísi en Fréttablaðið. En þó svo að meiri kröfur séu gerðar til vandaðra vinnubragða og formlegs málsniðs í Fréttablaðinu segir Andri viðmiðin mismunandi eftir blaðhluta:

„Prentmiðillinn er formlegri, þá sérstaklega fréttakaflinn í Fréttablaðinu. Svo er ákveðinn munur milli blaðhluta. Innblaðið, þar sem fjallað er um dægurmál, menningu og þessháttar – þar lítum við svo á að aðeins öðruvísi tónn sé í fréttunum okkar. Þar erum við að skrifa fyrir yngri lesendur og leyfum okkur alveg að hafa afslappað tungutak.“

Það sama gildir um Morgunblaðið. Elva Brá sagði kröfur um formlegt málsnið vera mismunandi eftir því hvað verið sé að fjalla um:

„Það gilda ekki sömu kröfur um þá sem eru að skrifa um íþróttir og þá sem eru að skrifa um menningarmál, og svo framvegis. Það eru öðruvísi áherslur.“



## 5.4 Uppeldishlutverk fjölmiðla

Eins og fram kemur í kafla 3.2 endurspeglar fjölmiðlar stöðu tungunnar frá degi til dags. Þeir eru aðgengileg upplýsingaveita og hafa áhrif á mótun tungumálsins. Ríkisútvarpið gerir sér grein fyrir fræðslu og uppeldishlutverki sínu í samfélaginu og leggur mikla áherslu á að sinna því. Eins og fram kemur í kafla 2.5 hefur stofnunin lagalegum skyldum að gegna gagnvart tungumálinu. Anna Sigríður segir starf sitt sem málfarsráðunautur stofnunarinnar snúast að miklu leyti um að stuðla að þessu hlutverki:

„Ég held að bæði aðrir fjölmiðlar og almenningur geri miklar og ríkar kröfur til Ríkisútvarpsins um vandað málfar og um að vera fyrirmynd í málfari. Við höfum bara þessa skyldu í lögunum að upplýsa og fræða um íslenskt mál, og líka að rækta málið innan stofnunarinnar. Það er bara beinlínis bundið í lög um Ríkisútvarpið. Þannig að við höfum mjög mikla og ríka ábyrgð. Og þess vegna er einmitt mikil áhersla lögð á starf málfarsráðunautar hér inni og mjög mikil virðing borin fyrir þessu starfi hér innanhúss.“

Anna Sigríður segir Ríkisútvarpið vera með nokkra dagskrárliði sem fjalli með beinum hætti um tungumálið, og nefnir þar þætti eins og *Orðbragð*, sem var valinn skemmtipáttur ársins tvö ár í röð, og *Orð af orði* sem hún stýrir sjálf á Rás 1. Hún fær reglulega símtöl frá almenningi þar sem henni er bent á hvað hún megi fjalla um varðandi málnotkun og íslenskt mál í þáttum sínum – en auk þess fær hún ábendingar og kvartanir um óviðunandi málnotkun ýmissa starfsmanna stofnunarinnar:

„Ég fæ mikið af ábendingum frá fólki um eitthvað sem megi gera betur og þá er mjög algengt að fólk tali við mig um (morgunþáttinn) Virka morgna. Þá er sagt að þáttastjórnendur séu ótalandi og svo framvegis. En ég veit ekki um neinn þátt í útvarpi á nokkurri stöð þar sem er talað meira um tungumálið. Þau eru alltaf að velta fyrir sér: „*Má maður segja svona eða hinsegin?*“ Stundum hringja þau í mig og spyrja mig út í ýmis atriði. Þau skamma hvort annað fyrir að tala vitlaust og benda á hvernig á að gera rétt og svona. Ég held að það vekir mjög marga til umhugsunar um málið, einmitt af því að þau eru ekki fullkomin.“

Andri Ólafsson hjá 365 miðlum segir fyrirtækið taka samfélagslegri ábyrgð sinni alvarlega og að lögð sé rík áhersla á vönduð vinnubrögð hvort sem þau snúa að málfari,

úrvinnslu fréttar eða öðru slíku. Hann tekur þó fram að fyrirtækið sé fjölmiðill og hlutverk þess fyrst og fremst að segja fréttir. Helstu áhersluatriði miðilsins eru traust, aðgengileiki og að vera fyrstir með fréttirnar, en málfræðileg nákvæmni og réttitun er í öðru sæti:

„En við erum fyrst og fremst bara fjölmiðill. Og fjölmiðlar eru til þess að segja fréttir, og veita upplýsingar. Við erum ekki uppeldisstofnun. En um leið gerum við okkur alveg grein fyrir því að óneitanlega höfum við ábyrgð. Ef við gerum illa það sem við gerum, þá hefur það einhver áhrif.“

Andri segir að með spurningunni komi upp tvö sjónarmið. Annarsvegar er það að uppeldis- og fræðsluhlutverk í samfélaginu sé hlutverk sem miðillinn taki alvarlega, og hinsvegar að fyrirtækið sé ekki mennta- og uppeldisstofnun — heldur fjölmiðill.

„Það eru þessi tvö sjónarmið sem fyrst koma upp í hugann og ég held að sannleikurinn sé þarna einhverstaðar mitt á milli. Menn vilja taka þessari ábyrgð alvarlega, en upp að því marki sem hægt er. Við erum bara fyrirtæki sem er rekið eftir ákveðnum rekstrarforsendum og hér eru þrisvar sinnum færri að vinna þau störf miðað við fyrir fimm árum síðan. Það er takmarkað hvaða ábyrgð er hægt að leggja á einkafyrirtæki í þeim efnum. Sérstaklega þegar menn eru með jafn þröng rekstarskilyrði og í rauninni er hjá einkareknum fjölmiðlum. Ég myndi halda að til dæmis upplifun þeirra sem vinna á Ríkisútvarpinu sé töluvert önnur, enda hlutverk þeirra frekar vel skilgreint.“

## 6. Umræður og túlkun

### 6.1 Áhrif málstefnu

Íslenska málstefnan var ekki sett af ástæðulausu. Eins og fram kemur í kafla 2.5, þar sem forsendur fyrir stefnunni eru kynntar, var brýn þörf á því að hún yrði sett. Hugmyndin um það málfarslega ástand sem nú ríkir og er til umræðu kviknaði löngu áður en tillögur að málstefnunni voru skrifaðar, auk þess sem ýmsir aðilar höfðu talað fyrir gerð málstefnu í mörg ár. Í stefnunni, sem kynnt er í kafla 2.6, eru tilgreindar leiðbeiningar hvernig henni skuli fylgt eftir. Leiðbeiningar hvernig tryggja skuli málið á öllum sviðum samfélagsins. Mikið þurfti að hafa fyrir gerð stefnunnar sem þó virðist ekki enn vera fylgt til fulls.

Ljóst er að íslenskir fjölmiðlar leggja áherslu á vandað málfar og góða málnotkun í því efni sem þeir framleiða. Þrátt fyrir það hafa þeir ekki allir markað sér málstefnu, jafnvel þó svo að þeir eigi að vera búnir að því samkvæmt lögum. Ef hver og einn fjölmiðill setti sér málstefnu myndi það styrkja stöðu íslenskunnar til muna. Með stefnu sinni væri hver og einn miðill búinn að setja sér viðmið sem starfsfólki bæri að tileinka sér í vinnubrögðum sínum. Auðveldara yrði að sigta út villur eða óæskilega málnotkun vegna þess að málstefna markar á svörtu og hvítu hvað sé í lagi og hvað sé ekki í lagi. Alltaf væri hægt að vísa í málstefnuna ef upp kæmu mismunandi álit um hvað sé réttast að gera. Í viðtali rannsakanda við Elva Brá Jensdóttur hjá Morgunblaðinu sagði hún eftirfarandi:

„Málstefna hefði ef til vill góð áhrif. Það er auðvitað gott ef allir eru að vinna eftir sömu reglum og reyna að samræma það sem verið er að gera. Það er nefnilega algengt að þetta séu sömu villurnar, aftur og aftur, sem verið er að leiðrétta.“

Elva Brá telur að það myndi hjálpa ef settar yrðu fastar reglur um það hvað sé æskilegt að gera og hvað ekki (munnleg heimild, 30. apríl 2015). Í kafla 5.1 er vísað í Önnu Sigríði þar sem hún bendir á mikilvægi þess að endurskoða málstefnuna reglulega. Sé það gert á málstefnan að ná yfir öll svið og nýjungar fjölmiðlunar. Þá er alltaf hægt að vísa í málstefnuna til rökstuðnings fyrir að ákveðin vinnubrögð séu í takt við stefnu viðkomandi miðils. Málstefnan er nefnilega fyrirbæri sem starfsfólk hefur samþykkt og ber að fylgja á viðkomandi vinnustað.

Ekki er ólíklegt að málstefna myndi efla vitund starfsfólks um tungumálið, og ýti undir að fjölmiðlafólk leggist á eitt og reyni að aðstoða hvert annað við að bæta málnotkun. Eins og fram kom í kafla 5.4 er Ríkisútvarpið mjög meðvitað um ábyrgð sína gagnvart tungumálinu og

Því uppeldishlutverki sem stofnunin gegnir í samfélaginu. Ríkisútvarpið setur sér það markmið að vera fyrirmynd og að málfar sé vandað. Þau eru með málfarsráðunaut í fullu starfi sem leiðbeinir starfsfólki og fær það til að bæta málnotkun ef þess þarf. Málfarsráðunauturinn tekur við kvörtunum frá almenningi og metur hvort þær eigi við rök að styðjast. Hann kemur þeim svo til þess sem við á og bendir viðkomandi á hvað megi laga og hvernig best sé að bera sig að í þeim efnum. Í kaflanum er tilvitnun frá Önnu Sigríði, málfarsráðunaut Ríkisútvarpsins, þar sem hún vitnar í þáttastjórnendur Virkra morgna sem leiðrétta málvillur hvort annars í beinni útsendingu, og velta fyrir sér hvernig rétt sé að segja hitt og þetta. Þetta er gott dæmi um jákvæð og eflandi áhrif málstefnu á stöðu tungumálsins. Sú stefna að leggja áherslu á vandað mál á fjölmiðli veldur vitundavakningu innan miðilsins og skilar sér svo út til almennings í samfélaginu.

## 6.2 Hverskonar fyrirmynd?

Eins og fram kemur í kafla 3.2 hefur fjölmiðlaumhverfið breyst heilmikið á skömmum tíma. Með tilkomu netmiðlunar er hraðinn í upplýsinga- og fréttamiðlun orðinn virkilega mikill. Á alnetinu er að finna gríðarlegt magn fréttu og mætti segja að úrvalið sé óendanlegt. Fréttavefir eru í dag mjög aðgengilegir og tiltölulega einfalt er að halda úti slíkum miðli. Þar af leiðandi hefur samkeppnin aldrei verið meiri.

Í kafla 5.2 talar Andri Ólafsson um helstu áhersluatriði 365 miðla. Hann vísar í að fyrirtækið sé rekið eftir ákveðnum rekstrarforsendum og að hlutverk miðilsins sé að segja fréttir. Eitt af þeim gildum sem Andri segir miðilinn leggja áherslu á er að vera *fyrstir með fréttirnar*. Að vera fyrstur með fréttirnar er mjög eftirsóknarvert verkefni fjölmiðils í nútímasamfélagi og merki þess er gjarnan að finna í fréttum, einkum á alnetinu. Ef fjölmiðill er ekki fyrstur til að fjalla um tiltekið mál er algengt að hann vitni í þann miðil sem gerði það og taki fram að sá miðill hafi fyrst greint frá viðfangsefninu. Fréttavefir eru í gangi allan sólarhringinn og því er gjarnan sömu fréttirnar að finna á vefsíðum miðlanna. Því mætti segja að það að vera fyrstur með fréttirnar sé í raun að vera skrefinu á undan hinum miðlunum. Rannsakandi ræddi eftirfarandi við Lindu Björk Markúsardóttur, talmeinafræðing, um viðkomandi atriði:

„Að vissu leyti má sýna því skilning, af því hraðinn er svo mikill og síðurnar svo margar. En hvað á það að kosta að vera skrefinu á undan? Er maður að skemma málið með því?

– Ég held að fjölmiðlar ættu að setjast yfir það og velta því fyrir sér hvernig þeir vilji vinna og hvernig þeir vilji fara með tungumálið.“

Linda Björk vísar þarna í að vinnubrögð og málnotkun séu farin að líða fyrir það að vera skrefinu á undan. Hún bendir á að oft séu þetta stuttar greinar sem ekki taki langan tíma að lesa yfir en þó fái þær að birtast á fréttasíðum miðlanna á lélegri íslensku.

Fyrir tilkomu fréttasíðna á alnetinu var hraði í fjölmiðlun ekki eins mikill. Blöðin komu út í mesta lagi einu sinni á dag og þau voru prófarkarlesin áður en þau fóru í prentun. Fréttatexti í fréttatímum útvarps og sjónvarps voru líka lesnir yfir sérstaklega og þess gætt að málfar sé gott. Það lá ekki eins mikið á að koma fréttum frá sér vegna þess að fjölmiðlaumhverfið var öðruvísi. Í netmiðlun er virkni fréttasíðna mjög mikilvægt atriði. Fréttaveitur keppast um að senda frá sér sem mest magn fréttu á sem stystum tíma. Virk fréttasíða á yfirleitt stóran lesendahóp og þannig tryggir hún sér auglýsingatekjur, sem er mikilvægur liður í rekstri fjölmiðla. Krafa um prófarkarlestur er ekki gerð til netmiðla. Helstu rökin fyrir því er hraðinn í miðluninni.

Eins og Linda Björk bendir á eru þetta samt yfirleitt mjög stuttar greinar sem tekur lítinn tíma að lesa yfir. Í kafla 5.2 bendir Andri á að blaðamenn hafi tæki sem leiðrétti stafsetningarvillur. Þó eru slík tæki alls ekki fullkomin leiðréttingartæki, ekki einu sinni þegar kemur að stafsetningu. Tækin skilja hvorki meiningu orðanna, né samhengið í setningunum og átta sig því til dæmis ekki á muninum á nafninu *Lísa* og sögninni að *lýsa*.

Fram kom í viðtali rannsakanda við Önnu Sigríði hjá Ríkisútvarpinu að hún stundi það mikið að fá blaðamenn til þess að lesa færslurnar sínar yfir svo þær fari ekki morandi í villum á vefinn (Anna Sigríður Þráinsdóttir. Munnleg heimild. 18. mars 2015). Fréttavefur Ríkisútvarpsins er ekki sérstaklega prófarkarlesinn þótt ósjálfrátt séu gerðar meiri kröfur um málfar á honum en Vísi og mbl.is út af lagalegum skyldum stofnunarinnar. Sú staðreynt að málfarsráðunautur sé starfandi og hafi eftirlit með málfari hjá Ríkisútvarpinu tel ég að hafi líka áhrif. Ef Morgunblaðið og 365 miðlar væru með málfarsráðunaut í fullu starfi; aðila sem einbeitti sér að málfari á miðlunum og reyndi að tryggja gæði þess, tel ég að kröfur um málfar á vefmiðlum þeirra væru hærri.

Eins og Andri kemur réttilega inn á í kafla 5.2 snýst fjölmiðlun um meira heldur en bara réttitun. Það málsnið sem fjölmiðlar tileinka sér hverju sinni er ekki síður mikilvægt. Í vissum skilningi má líta á fjölmiðla sem opinbera fulltrúa tungumálsins. Framsetning þeirra á efni endurspeglar stöðu tungunnar frá degi til dags, eins og nefnt var í kafla 3.2. Það efni sem þeir framleiða er í flestum tilvikum gefið út á tungumáli með tilteknu málsniði sem endurspeglar

Það mál sem notast er við í samfélaginu. Það kemur svo í hlut viðkomandi fyrirtækis eða stofnunnar að ákveða hverskonar fyrirmynd þeir ætli sér að vera; þ.e. að velja hverskonar málsnið þeir telji vera við hæfi.

Samkvæmt Andra snýst málsniðið á þeirra miðlum um að gera sér grein fyrir fjölmiðlaneytandanum. Þeir leggja áherslu á að nota alþýðumál, þ.e.a.s. nota það tungutak sem lesandinn, áhorfandinn eða hlustandinn skilur og hrífst af. Á flestum sviðum hefur Ríkisútvarpið sett sér þá stefnu að vera formlegt og gera strangar kröfur um mjög vandað málsnið. Jafnframt hefur stofnunin það hlutverk að stuðla að eflingu íslenskrar tungu og því eðlilegt að tungutak þeirra sé íhaldssamara heldur en víða annarstaðar. Morgunblaðið upplifir sig einhverstaðar þarna á milli. Elva Brá segir tungutak þeirra íhaldssamt, en þó fari það eftir umfjöllunarefni.

### 6.3 Framtíðarsýn

Mjög líklegt er að á ákveðnum sviðum samfélagsins verði óhentugt að nota íslensku. Enskan hefur mikla yfirburði í heimi alnetsins og flestrar tækni, ef út í það er farið. Ólíklegt er að íslenskan muni ná að ryðja sér til rúms í heimi tækninnar sem fer ört stækkandi. Tækninýjungar samtímans eru farnar að snúast að miklu leyti um gott aðgengi, einfalda notkun og raddstýringar eru farnar að vera algengari. Á slíkum markaði á íslenska litla möguleika þar sem framleiðslan fer fram erlendis og íslenska er ekki nægilega útbreitt tungumál til þess að framleiðendur sjái hag sinn í að hanna íslenska raddstýringu fyrir tækin.

Einnig má nefna viðskiptaheiminn í þessu samhengi en hann gæti reynst íslenskunni of stór. Með tæknibyltingu gefst Íslendingum betri kostur á að taka þátt í viðskiptalífinu út um allan heim. Til að hámarka gróða sinn herja innlend fyrirtæki ekki bara á innlandan markað, heldur líka erlendan. Fyrirtækin bera því gjarnan erlend heiti, ráða erlent starfsfólk og stunda samskipti við erlenda einstaklinga. Að nota íslensku í slíkum heimi gæti reynst ómögulegt.

Þrátt fyrir það tel ég íslenskuna eiga góða möguleika á flestum öðrum sviðum ef gætt verður að stöðu hennar. Íslenskan verður töluð áfram á heimilunum, hún verður notuð áfram í menningarlífinu og skólakerfinu og jafnframt tel ég hana eiga bjarta framtíð fyrir sér í fjölmiðlum. Fjölmiðlar þurfa hinsvegar að axla ábyrgð og nota gott og gilt íslenskt mál. Eins og Linda Björk nefndi í grein sinni, eru börn á ungum aldri að nýta sér þá tækni sem er í boði. Fjölmiðlar þurfa að halda áfram að framleiða efni á íslensku og stuðla að góðri málnotkun. Í viðtali rannsakanda við Lindu Björk talaði hún um fjölmiðlanotkun ungs fólks:

„Krakkar og unglingar eru örugglega ekki mikið að lesa blöðin. Þau sjá miklu frekar tenglana inn á samfélagsmiðlum. Þetta er kannski eitthvað sem þeim finnst áhugavert. Það er ekkert barn að fara að taka upp prófarkalesið Morgunblað eða Fréttablað. Þetta er allt saman á netinu.“

Þetta er mjög góður punktur hjá Lindu. Þó svo að fyrirtækin láti prófarkarlesa prentmiðlana hjá sér, er meiri hluti þess efnis sem þau gefa út ekki yfirlésinn og það er einmitt efnið sem nær til þeirra sem þurfa helst á málörvun að halda.

## 6.4 Lokaorð

Fjölmiðill er aðgengilegur og ákjósanlegur vettvangur fyrir fólk að notast við til að afla sér upplýsinga í nútíma samfélagi. Almennungur sækist í efnið sem þeir framleiða sér til fræðslu og afþreyingar. Það má með sanni segja að fjölmiðlar gegni ábyrgðarmiklu hlutverki í samfélaginu gagnvart tungumálinu.

Málstefna fjölmiðils eru leiðbeiningar og skipulag sem vísa í hvernig viðkomandi fjölmiðill telji réttast að koma efni frá sér í töluðu eða rituðu máli. Lögum samkvæmt ber fjölmiðlum að setja sér slíka stefnu þótt aðeins Ríkisútvarpið hafi gert það. Þetta kemur fram í íslensku málstefnunni sem samþykkt var á Alþingi í kjölfar versnandi stöðu íslenskurar í málsamfélaginu. Með tilkomu netmiðilunar hefur hraði í fréttáflutningi aukist umtalsvert. Minna er orðið um prófarkarlestur, en nánast ekkert fjölmiðlaefni er prófarkarlesið nema efni prentmiðla. Að sama skapi hefur málfar versnað á fjölmiðlum. Ljóst er að gerð málstefnu myndi hafa mikil áhrif á vinnubrögð fjölmiðla. Með málstefnu settu fjölmiðlar sér vinnureglur og viðmið þar sem beinlýnis er afmarkað hvað sé fullnægjandi málnotkun á miðlinum. Þetta myndi valda vitundavakningu meðal blaðamanna og skila sér í vandaðra málfari.

Íslenskir fjölmiðlar upplifa sig sem málfarslegar fyrirmyndir en taka því hlutverki þó misjafnlega. Ríkisútvarpið hefur uppeldishlutverki að gegna samkvæmt lögum en aðrir ekki. Allir miðlarnir gera sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem hlutverkinu fylgir þó 365 miðlar bendi á að fyrst og fremst sé fyrirtækið fjölmiðill sem segi fréttir. Allir miðlarnir leggja áherslu á vandað mál. Morgunblaðið og Ríkisútvarpið vilja tileinka sér íhaldssamt tungutak en 365 miðlar vilja tala alþýðumál. Þó eru kröfur um málsnið mismunandi eftir eðli miðilsins eða umfjöllunarefni. Miðlarnir gera sér grein fyrir fjölmiðlaneytandanum og lesa inn í væntingar þeirra. Það virðist

algild regla að frjálslagra tungutak sé notað þegar efni er framleitt fyrir yngri neytendur og formlegt málsnið eigi betur við um þá sem eldri eru.



## Heimildaskrá

- Ari Páll Kristinsson. (2001). Málrækt: hvernig, hvers vegna? Sótt 5. mars af <http://www.arnastofnun.is/solofile/1011100>
- Ari Páll Kristinsson. (2007). Málræktarfræði. *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 29, 99-124.
- Bertrand, I. og Hughes, P. (2005). *Media Research Methods: Audiences, Institutions, Texts*. New York: Palgrave MacMillan.
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful Qualitative Research: A Practical Guide for Beginners*. London: Sage Publications Ltd.
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2010). *Ritgerðasmíð*. Sótt 24. febrúar af <https://notendur.hi.is/eirikur/ritun.pdf>
- Flick, U. (2009). *An Introduction to Qualitative Research* (4. útgáfa). London: Sage Publications Ltd.
- Fowler, R. (1991). *Language in the News: Discourse and Ideology in the Press*. London: Routledge.
- Guðbjörg Hildur Kolbeins. 2008. *Af hverju er talað um gulu pressuna?* Sótt 1. maí af <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=7330>
- Guðrún Kvaran. (2004). Á íslensk málstefna rétt á sér?  
Í Ari Páll Kristinsson og Gauti Kristmannsson (ritstjórar),  
*Málstefna – Language Planning* (bls. 51 – 56). Reykjavík: Íslensk málnefnd.
- Guðrún Kvaran. (2014, 30. júlí). *Íslensk málnefnd 50 ára*.  
Sótt 26. febrúar af <http://islenskan.is/8-frettir/16-islensk-malnefnd-50-ara>
- Höskuldur Þráinsson. (1995). Handbók um málfræði. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Indriði Gíslason, Baldur Jónsson, Guðmundur B. Kristmundsson og Höskuldur Þráinsson. (1988). Mál og samfélag. Um málnotkun og málstefnu. Reykjavík: Iðunn.
- Íslensk málnefnd. (2009). Íslenska til alls: Tillögur málnefndar að íslenskri málstefnu samþykktar á Alþingi 12. mars 2009. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Kristján Árnason. (2001). Málstefna 21. Aldar. *Málfregdir* 20, 3-9.
- Mathers, N., Fox, N., Hunn, A. (1998). *Trent Focus for Research and Development in Primary Health Care: Using Interviews in a Research Project* (uppfært 2012). Sheffield: Trent Focus Group. Sótt 10. apríl af [http://faculty.cbu.ca/amolloy/MBA603/MBA603\\_files/UsingInterviews.pdf](http://faculty.cbu.ca/amolloy/MBA603/MBA603_files/UsingInterviews.pdf)

- McQuail, D. (2010). *McQuail's Mass Communication Theory* (6. útgáfa). London: Sage Publications
- Lög um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu. nr. 23/2013.  
Sótt 15. febrúar 2015 af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2013.023.html>
- Lög um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. nr 40/2006, 9.gr.  
Sótt 12. febrúar 2015 af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2006.040.html>
- Matthías Jóhannessen. (1960). *Svo kvað Tómas: Matthías Jóhannessen ræddi við skáldið*. Reykjavík: Almenna Bókafélagið
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2004). *Greinargerð nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2010). *Skýrsla nefndar um lagalega stöðu íslenskrar tungu og táknmálsins*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Nefnd Menntamálaráðherra. (2005). Um íslenska fjölmiðla. Reykjavík: Nefnd Menntamálaráðherra.
- Petersson, L. og Pettersson, Á. (2005). *Fjölmiðlafræði* (Adolf Petersen þýddi). Reykjavík: Mál og menning.
- Ríkisútvarpið ohf. 2010. Málstefna. Sótt 25. febrúar af <http://ruv.is/ruv-okkar-allra/malstefna>
- Saville-Troike, Muriel. (2003). *The Ethnography of Communication: An Introduction* (3. útgáfa). Oxford: Blackwell Publishing Ltd. Sótt 15. mars 2015 af <https://gumounounib.files.wordpress.com/2010/06/the-ethnography-of-communication-an-introduction-third-edition-by-muriel-saville-troike.pdf>
- Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. (e.d.). *Alþjóðleg miðstöð tungumála*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Sölvi Sveinsson. (2001). *Íslensk málsaga* (3. útgáfa). Reykjavík, Iðunn.
- Tryggvi Gíslason. (1999, 28. nóvember). *Málvernd í ljósi fortíðar og skugga framtíðar*. Sótt 24. apríl 2015 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/505895/>
- Þorbjörn Broddason. (1987). *Um fjölmiðla: Greinasafn*. Reykjavík: Höfundur.
- Þorbjörn Broddason. (2005). *Ritlist, prentlist, nýmiðlar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.